



**SKOÐUN** Til að íþróttir séu börnum hollar þurfa þær að vera leikur, skrifar Guðmundur Andri 13



**MENNING** Eyþór Ingi Gunnlaugsson fær að hita upp fyrir átrúnaðargoðin í Deep Purple. 30



**SPORT** Jakob Jóhann Sveinsson fer í heljarstökk á milli þess sem hann stingur sér í laugina. 24

**Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!**

**92%**

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 92% lesenda blaðanna

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

3. desember 2012  
284. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Karlar duglegri að synda

Karlar eru ötulli en konur að sækja sundlaugar Reykjavíkur. Konurnar taka hins vegar meiri þátt í foreldrafélögum. 2

**Fimmtán verk tilnefnd** Tíu rit-höfundar eru tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og fimm þýðendur til þýðingarverðlauna. 4

**Minna eytt** Tekjujöfnuður ríkissjóðs er 19 milljörðum króna betri en áætlað hafði verið það sem af er ári. Samt var 35 milljörðum meira eytt en áætlað var. 6

**Í ríkisframkvæmd** Bygging nýs Landspítala við Hringbraut verður í ríkisframkvæmd samkvæmt tillögu ráðherra. 8

**SHALDOR** 12

Bolungarvík	1°	NA 3
Akureyri	2°	SA 8
Egilsstaðir	1°	SA 11
Kirkjubæjarkl.	4°	SA 6
Reykjavík	3°	V 4

**Strekkingsur** eða allhvasst norðaustan- og austanlands en hægari vindur annars staðar. Stöku el V-til, rigning suðaustanlands, annars úrkomullíð. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Fasteignir.is

**FÓLK** **FASTEIGNIR.IS** **heimili** **FASTEIGNASALA** **heimili** **FASTEIGNASALA** **heimili** **FASTEIGNASALA**

# Bruggið hellist yfir landann

Helmingur námsmanna á Íslandi verður meira var við heimabrygg og smygl nú en fyrir hrún. Hlutfallið hefur hækkað frá því í fyrra. Sala á sterku víni í ÁTVR hefur minnkað um 40 prósent. FA kallar eftir aðgerðum.

**SAMFÉLAGSMÁL** Helmingur íslenskra námsmanna verður meira var við heimabrygg og smygl eftir hrún. Þriðjungur 18 til 64 ára Íslendinga segir slíkt hafa aukist og hefur hlutfallið hækkað síðan í fyrra.

Karlar verða frekar varir við aukið heimabrygg eða smygl heldur en konur, sérstaklega námsmenn.

Þetta kemur fram í nýrri könnun sem gerð var á vegum MMR fyrir Félag atvinnurekenda (FA) um miðjan nóvember síðastliðinn.

Samkvæmt könnuninni hafði 31% svarenda orðið vart við mikla eða nokkra aukningu á heimabryggi eða smygli á áfengi frá hrúni. Hlutfallið var um 22% árið áður. Tæp 48% svarenda á aldr-

inum 18-29 ára sögðust hafa orðið vör við mikla eða nokkra aukningu Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FA, segir félagið lengi hafa kallað eftir heildstæðri áfengisstefnu frá stjórnvöldum í ljósi þess að áfengisgjöld hafi verið hækkuð mjög undanfarin ár.

„Niðurstöður könnunar okkar ýta undir þá kenningu að neyslan hafi einfaldlega flust út fyrir markaðinn,“ segir Almar. Hann bendir á að hækkan áfengisgjalda sé stundum réttlætt sem lýðheilsuþæmi, en ef neyslan færir út fyrir markaðinn náist það markmið ekki. Minnkandi opinber sala geti þá líka gert það að verkum að tekjumarkmið gjalda-hækkana nást ekki heldur.


„Námsmenn og fólk í láglau-

störfum skorar hátt í könnuninni og það ætti að vera stjórnvöldum áhyggjuefni,“ segir hann. „Þegar gjöld hækka þá eru hóparnir sem eru verr settir fljótastir að finna sér aðra leið.“

Sala á sterku víni í ÁTVR hefur dregist saman um meira en 100 þúsund lítra á milli árunna 2008 og 2011, eða um tæp 40%. Þá hefur salan í ár dregist saman um tæp 6% sé miðað við sama tíma í fyrra.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri ÁTVR, vill ekki nefna neinar ástæður sem gætu legið að baki samdrættinum.

„Við höfum engar forsendur til að meta hvort [heimabrygg og smygl] sé að aukast,“ segir hún. „En það hefur verið samdráttur í



sölu á sterku víni og auðvitað veltir maður fyrir sér hvort það skýrist af neyslubreytingu.“

Í bandormi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að áfengisgjald hækki enn frekar eða um 4,6%. -sv



**AÐVENTUNNI FAGNAÐ** Fjöldi fólks var saman kominn á Austurvelli í gær þegar kveikt var á Óslóarrénu. Tréð var að vanda fagurskreytt ljósum en auk þess prýðir Stúfur, jólaórói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, tréð. Þessi unga stúlka var afar spennet enda stýttist óðum í jólin auk þess sem þeir rauðklæddu voru á vappi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## #makalaustermannlífið: Stúlkan hlaut nafnið Tvíkross

**BRETLAND** Samfélagsmiðlar eru teknir að hafa mikil áhrif í nútímasamfélagi en stúlkubarn eitt í Bretlandi var nýlega skirt Hashtag Jameson, að því er móðir barnsins tilkynnti á Facebook.

Hashtag þekkja notendur þessara miðla sem Twitter-táknið #. Tvíkross litla, svo íslenskt heiti merkisins # sé notað, á samúð netverja, en fréttin hefur farið víða.

Má lesa staðhæfingar eins og #hræðilegir foreldrar, #foreldrarþínirhataþig og #heimskastanafnsögunnar á miðlinum sem blés móðurinni þetta nafn dótturinnar í brjóst; Twitter.

Ýmsir fjölmiðlar rifja það upp í þessu samhengi að nafnið Like, eða Læk á hinu ylhýra og ástkæra, er einnig að ná fót-festu. -shá

## Réttarhöld yfir Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni hefjast í dag: Bjarni á vitnalista í Vafningsmáli

**DÓMSMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er á meðal þeirra sem eru á vitnalista í svokölluðu Vafningsmáli sérstaks saksóknara. Aðalmeðferð í málinu hefst í dag og gert er ráð fyrir að hún taki að minnsta kosti þrjá daga.

Alls eru um þrjátíu manns á lista yfir vitni í málinu. Ekki er útséð með að þau verði öll kölluð fyrir dóminn, en að því gefnu að Bjarni mæti verður það líklega annaðhvort á þriðjudag eða fimmtudag, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Tveir eru ákærðir í málinu, Lárusi Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, og Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi yfirmaður fyrirtækjasviðs bankans. Þeir eru ákærðir fyrir umboðssvik með því að hafa lánað Milestone tíu milljarða í febrúar 2008, í gegnum félagið Vafning, gegn ófullnægjandi tryggingum, meðal annars til að tryggja að hlutabréf í Glitni féllu ekki í verði.

Aðkoma Bjarna var sú að hann undirritaði veðsamning vegna lánsins frá Glitni til Vafnings, í umboði hluthafa félagsins. -sh

**MAGNÞRUNGIN ÖRLAGASAGA 1904**

**NÝ KILJA**

**Henning Mankell**

MINNING UM ÖBBREINAN ENGL

www.forlagid.is

**GEFÐU ÁVÍSUN Á GÓÐA HEILSU Í JÓLAGJÖF**

**LAUGARSPA** laugarspa.is

**World Class ICELAND** worldclass.is

**Ljótur** - ljúfur að innan

**Ljótur**

AVITA HUBÓ / SÍA

## SPURNING DAGSINS



Gunnar, er þetta ekki orðið útvatnað hjá Jóni?

„Saman erum við Jón sterk blanda og bragðgóð.“

Gunnar Hilmarsson, aðalhönnuður E-Label, er hæstánægður með framtíðarsýn eigandans, vatnsbóndans Jóns Ólafssonar.

Lögmaður kærði ítrekað gæsluvarðhaldsúrskurði og Hæstiréttur fékk nóg:

## Sekt fyrir tilefnislausar kærur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sektaði á föstudag lögmanninn Stefán Karl Kristjánsson um hundrað þúsund krónur fyrir að kæra ítrekað og tilefnislaust gæsluvarðhaldsúrskurði yfir sama manninum.

Stefán er verjandi manns sem sætt hefur gæsluvarðhaldi síðan í lok júlí vegna hnífstungu á gatnamótum Höfðatúns og Skúlagötu. Sá stungni hlaut lífshættulega áverka af atlögunni. Búið er að ákæra í málinu.

Fyrst sætti maðurinn varðhaldi vegna rannsóknarhags-

# 100.000

krónur kostaði kærugleðin Stefán Karl Kristjánsson.

muna en í septemberbyrjun var hann úrskurðaður í varðhald á grundvelli almannahagsmuna. Það hefur síðan verið framlengt í þriggja.

Hæstiréttur staðfesti enn eina framlenginguna á föstudag og í niðurstöðunni er kærugleði Stef-

áns gagnrýnd. Honum hafi áður verið bent á að hann hafi kært varðhaldsúrskurði í málinu til Hæstaréttar án þess að benda á nokkuð nýtt sem réttlætti það. Kærurnar væru því með öllu að ófyrirsýnju.

„Þrátt fyrir þetta hefur úrskurður um framlengingu gæsluvarðhalds til Hæstaréttar enn á ný verið kærður af hálfu varnaraðila,“ segir Hæstiréttur. Kæran sé algjörlega tilefnislaus og er Stefán því sektaður.

- sh

## Flutt ofkæld á gjörgæsludeild

**KAUPMANNAHÖFN** Íslensk kona var flutt á gjörgæsludeild í Kaupmannahöfn á laugardagsmorgun eftir að hún féll í Peblingevatnið á Nørrebro nóttina áður.

Konan, sem er 27 ára, var lengi í vatninu áður en henni var bjargað upp úr. Hún var ofkæld og var haldið í öndunarvél á meðan hitanum var náð upp á nýjan leik.

Konan komst til meðvitundar síðdegis á laugardag þegar líkamshiti hennar náði 36 gráðum. Hún var svo útskrifuð í gær.

- sh



EINMANA GEORG Hann átti víst ættingja á öðrum eyjum á Galapagos.

NORDICPHOTOS/AFP

## Sautján nýjar risaskjaldbökur fundust á Galapagos-eyjum: Georg ekki einn eftir allt saman

**DÝRALÍF** Vísindamenn hafa nú fundið sautján risaskjaldbökur á Galapagos-eyjum sem talið var að hefðu dáíð út fyrir á þessu ári.

Þegar hinn rúmlega 100 ára gamli Einmana Georg dó í sumar var talið að ein tegund risaskjaldbaka hefði dáíð út. Nú hafa vísindamenn frá Yale-háskólanum fundið 17 aðrar skjaldbökur við eldfjall á Isabell-eyjunni.

Erfðafræðilega líkjast þær mjög Einmana Georg, sem á sinni tíð varð tákn um náttúruvernd á eyjunum sem og tákn fyrir baráttuna við að viðhalda dýrategundum sem eru í útrýmingarhættu.

Nú eru uppi áætlanir um að einangra þessar 17 risaskjaldbökur og reyna þannig að ná stofni þeirra upp að nýju.

## Íbúar smábæjar í áfalli: Myrti gamlan mann með exi

**SVÍPJÓÐ** Grunaður axarmorðingi var handtekinn í skóglendi í smábænum Arvidsjaur í norðurhluta Svíþjóðar fyrir helgi. Maðurinn er talinn hafa drepið 81 árs gamlan mann sem var úti að ganga með hundinn sinn.

Vitni voru að morðinu. Maður sem átti leið hjá í bíl reyndi að stöðva morðingjann en þá réðst morðinginn að bílnum og flúði svo.

Morðið hefur vakið mikinn óhug í smábænum, þar sem aðeins 4.500 manns búa.

- þeb


## Gáfu TR tæki og peninga: CCP styður við skákæsku TR

**SKÁK** Tölvuleikjafyrirtækið CCP færði Taflfélagi Reykjavíkur í gær að gjöf öflugan skjávarpa, fartölvu af nýjustu gerð auk peningastyrks.

Eldar Ástþórsson frá CCP afhenti búnaðinn á fjölmennri barna- og unglíngæfingu félagsins og mun hann nýttast einkar vel við þjálfun og kennslu í öflugum barnastarfi félagsins, segir í tilkynningu frá TR þar sem enn fremur segir að félagið kunni CCP hinar bestu þakkir fyrir stuðninginn, sem mun koma félaginu og iðkendum íþróttarinnar mjög vel.

- shá

## Ólíkt hafast kynin að



6-18 ára í íþróttum

Sundlaugargestir

Upphæð styrkja menningar- og ferðamálaráðs

Í stjórn foreldrafélaga leikskóla

# Karlar í sundi og konur í foreldrastarf

Áfangaskýrsla Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og áætlanagerð sýnir að kynjahlutföll eru víðast hvar innan marka. Þó eru konur í miklum meirihluta í foreldrafélögum leik- og grunnskólanna og karlar sækja sundlaugar af meiri krafti.

**REYKJAVÍK** Karlar eru nokkuð ötulli en konur að sækja sundlaugar í Reykjavík og fleiri piltar en stúlkur stunda íþróttir sem styrktar eru af Reykjavíkurborg, en konur sækja frekar um styrki hjá menningar- og ferðamálaráði. Þetta er meðal þess sem kemur fram í áfangaskýrslu um tilraunaverkefni í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá Reykjavíkurborg. Slík aðferðafræði miðar að því að greina hvort ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna hafi misjöfn áhrif á kynin og stöðu þeirra.

Borgin lét vinna sextán úttektir um verkefni á hinum ýmsu sviðum borgarinnar. Þar á meðal var að kyngreina aðsóknartölur í sundlaugar borgarinnar, þátttöku barna í íþrótt- og æskulýðsstarfi og hvort halli á annað kynið í innkaupum bókasafna.

Víðast hvar var um óverulegan mun að ræða og sjaldnast tilefni til að ráðast í meiriháttar aðgerðir til að jafna hlut kynjanna.

**68%** gesta í Sundhöllinni eru karlar.

Mesta muninn á þátttöku kynjanna má þó sjá í stjórnnum foreldrafélaga leik- og grunnskóla. Konur eru 75 prósent stjórnarmeðlima í grunnskólum og 85 prósent í leikskólum. Konur eru líka í miklum meirihluta hvað varðar þátttöku í skólaráðum á báðum stigum. Þær niðurstöður þykja gefa tilefni til þess að fara ofan í kjölinn á því hvers vegna konur veljist frekar til þessara starfa.

Varðandi styrki menningar- og ferðamálaráðs hafa konur hins vegar aukið hlut sinn verulega síðustu ár, bæði hvað varðar umsóknir og úthlutanir. Í hugmyndum til úrbóta er meðal annars stungið upp á að karl og kona gegni formennsku í ráðinu til skiptis eitt ár í senn.

Þá þykir hlutfall karla sem sækja

sundlaugar, 54 prósent á móti 46 prósentum sem eru konur, kalla á úttekt. Misræmið er hæst í Sundhöllinni þar sem 68 prósent gesta eru karlar. Sérstaka athygli vekur að í hópi átján ára og yngri eru stúlkur í meirihluta, eru 55 prósent gesta, og er því ákveðinn viðsnúningur eftir það.

Í niðurstöðum kaflans um sundlaugar er sögð ástæða til að skoða „hvort eitthvað í þjónustu, aðstöðu eða ímynd sundlauga hafi áhrif á mismunandi aðsókn kynja“. Gagnlegt gæti verið að gera viðhorfskönnun meðal gesta til að skýra málið.

Í frétt um skýrsluna á vef Reykjavíkurborgar segir að ekkert bendi til þess að um kynjamismunun sé að ræða í úthlutun fjármuna hjá borginni, en á vissum sviðum, þar á meðal þeim sem greinir frá hér að ofan, kalli niðurstöður á „meiri rýni og mögulegar aðgerðir“.

thorgils@frettabladid.is

## Í Fjallabyggð þarf að leita langt aftur til að finna meiri snjó á þessum tíma: Fannfergið tekur í budduna

**MANNLÍF** Fannfergi er víða norðanlands og þá ekki síst í Fjallabyggð; á Siglufirði og Ólafsfirði þarf að leita nokkuð langt aftur til að finna jafnmikinn snjó.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri í Fjallabyggð, segir að haustið hafi verið um margt sérstakt. Skemmst sé að minnast jarðskjálftahrinu norðanlands sem var leyst af með hörkuvetri. Hins vegar gangi daglegt líf sinn vanangang.

„En þetta tekur í budduna að ryðja öllum þessum snjó. Það er nóturlegt að eyða peningum í að moka til vatni í föstu formi,“ segir Sigurður.

Sigurður segir að Fjallabyggð hafi ætlað um tólf milljónir til snjósmoksturs á þessu ári en þegar séu farnar fimmtán milljónir. Þetta sé högg sem sveitarfé-

lag leysi ekki öðruvísi en að skera niður fé til annarra verkefna.

Sigurður segir að fallett veður hafi verið undanfarid.

„En auðvitað hefur þetta áhrif á daglegt líf fólks, sérstaklega þegar menn eru lokaðir inni þrjár helgar í röð eins og var þegar þessu var að kyngja niður.“

Einn af kostunum við snjóinn segir Sigurður vera að byggt ból sé sjaldan fallegra en þegar jóla-ljósín spila á myrkið við þessar aðstæður. Eins sé mikið menningarstarf á þessum tíma árs, bæði á Siglufirði og Ólafsfirði, sem leiðir hugann frá amstri dagsins.

- shá

**Á ÓLAFSFIÐI** Bæjarstjóri segir öflugt menningarlíf lykilaðið þegar vetur er í algleymi.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNAS UNNARSSON



Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# Framtíðarreikningur vex með barninu

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

**Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.**



## Jólakaupauki!

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir bolur eða geisladiskur.\*

\* Meðan birgðir endast.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki

**GENGID**  
30.11.2012

	Bandaríkjadalur	125,32	125,92
	Sterlingspund	200,9	201,88
	Evra	126,14	126,88
	Dönsk króna	21,842	21,97
	Norsk króna	22,08	22,21
	Sænsk króna	8,823	18,933
	Japanskt jen	1,5160	1,5248
	SDR	192,22	193,36

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**  
224,6246

Slagsíða kom á Þórunni Sveinsdóttur þegar híft var úr festu við Vestfirði:  
**Klæddust flotgöllum til öryggis**

**ÖRYGGISMÁL** Um 30 gráða slagsíða kom á Þórunni Sveinsdóttur VE þegar verið var að hífa veiðarfæri skipsins úr festu út af Vestfjörðum. Lítil hætta er talin hafa verið á ferðum en talsverð bræla var á miðunum þegar atvikið átti sér stað. Skipverjar höfðu þó varann á og klæddust flotgöllum til öryggis, eins og Slysavarnaskóli sjómanna leggur áherslu á að sé gert.

Eyjafréttir segja frá þessu en í viðtali við miðilinn segir Sigurjón Óskarsson, útgerðarmað-

ur Þórunnar, að enginn sjór hafi komist í skipið og hvorki skip né áhöfn hafi verið í hættu.

Verið var að toga í 25 metra vindi þegar trollið festist á um 40 faðma dýpi. Þegar reynt var að losa trollið sló togspilum út og bremsur festust. Um leið kom sjór inn á skipið og það hallaðist um 30 gráður, segir í frétt Eyjafréttu.

Þegar í land var komið var fenginn skipaverkfræðingur til að hallaprófa Þórunni og kom ekkert óeðlilegt í ljós.



**ÞÓRUNN SVEINSDÓTTIR VE** Skipið kom nýtt til landsins jólin 2010 og hefur reynst afar vel. MYND/ÓSKAR FRÍÐRIKSSON

Fyrirverandi forsætisráðherra:  
**Vill útlenda fanga úr landi**

**DANMÖRK** Útlendir glæpamenn eiga ekki að hafa eins góðan aðbúnað og innlendir. Þetta segir Lars Løkke Rasmussen, leiðtogi Venstre og fyrirverandi forsætisráðherra Danmerkur.

Rasmussen segir erlenda glæpamenn stórt vandamál í landinu sem þurfi raunhæfa lausn til að leysa. Hann gagnrýnir núverandi stjórnvöld fyrir að láta ekki fleiri fanga afplána dóma sína í heimalöndum sínum. Ummæli Rasmussen hafa vakið hörð viðbrögð.



**RÆNINGINN** maðurinn var vopnaður byssu þegar hann rændi söluturninn.

Rán í verslun við Grundarstíg:

**Ræningja með byssu leitað**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar enn að manni sem rændi söluturn við Grundarstíg á föstudagskvöld vopnaður byssu.

Ræninginn kom inn í verslunina rétt fyrir lokun, skaut úr byssunni og sló til pilts sem starfar í versluninni. Hann komst undan á hlaupum með um 30 þúsund krónur sem hann tók úr afgreiðslukassanum.

Peir sem geta gefið upplýsingar um málið eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000.

**ÖRYGGISMÁL**

**Slysavarnaskólinn styrktur**

Slysavarnaskóli sjómanna fékk í síðustu viku 500 þúsund krónur að gjöf frá Sjómannasambandi Íslands og er hún viðurkenning fyrir góðan árangur í slysavörnum sjómanna. Banaslysum á sjó hefur fækkað mikið undanfarna áratugi og er öryggisfræðsla talin einn lykillaþátturinn í þeim árangri.

**Sveit fær tombólustyrk**

Björgunarveitin Núpar á Kópaskeri fékk fyrir skömmu veglegan styrk. Kvenfélag Öxfirðinga færði sveitinni peningagjöf að upphæð 67.500 kr. Þetta var innkoman af tombólu sem þær kvenfélagskonur héldu á árlegum menningardegum í Kópaskeri þann 24. nóvember síðastliðinn.

Flestir án vinnu á Spáni:  
**Atvinnuleysið eykst enn í ESB**

**EVROPA** Atvinnuleysi heldur áfram að aukast í ríkjum Evrópusambandsins og hefur aldrei verið meira. 204 þúsund fleiri einstaklingar voru atvinnulausir í október en í september.

Þetta kemur fram í nýjum tölum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Atvinnuleysið í Evrópusambandsríkjunum mældist 10,7 prósent í október en 11,7 prósent í evruríkjunum sautján.

Tæplega 26 milljónir manna eru án atvinnu í Evrópuríkjunum, þar af tæpar nítján milljónir á evrusvæðinu.

Atvinnuleysið á Spáni hefur náð enn hærri hæðum og mældist 26,2 prósent í október.

Barði fjóra með röri:

**Fer á skilorð vegna dráttar**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt mann á sextugsaldri í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás.

Maðurinn réðst inn á heimili í september 2010 og veittist að fjórum manneskjum með járnörri, sem allar hlutu áverka af. Þá elti hann einn fjórmenninganna, sem flúði af vettvangi á bíl, barði bílinn utan með rörinu og olli á honum skemmdum. Maðurinn mun hafa talið sig eiga eitthvað sökótt við einn fjórmenninganna.

Í dómnum segir að rannsókninni hafi lokið í desember 2010 en ákæra ekki gefin út fyrr en í október á þessu ári. Vegna þessa dráttar og hreins sakafarils mannsins er refsingin skilorðsbundin.

**Fimmtán verk tilnefnd til verðlauna**

Tíu rithöfundar voru tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna á laugardaginn. Auk þess voru fimm þýðendur tilnefndir til þýðingarverðlauna.

**MENNING** Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Íslensku þýðingarverðlaunanna voru kunngjörðar við athöfn í Listasafni Reykjavíkur á laugardag.

Íslensku bókmenntaverðlaunin eru veitt í tveimur flokkum, annars vegar fyrir frumsamin skáldverk og hins vegar fyrir fræðirit og rit almenns efnis. Fimm verk í hvorum flokki voru tilnefnd.

Tilnefningarnar tíu skiptast milli sex forlaga. Bækur frá Forlaginu og dótturútgáfum þess fá flestar, alls fjórar. Tvær bækur frá Ormstungu eru tilnefndar en ein bók frá Bjarti, Uppheimum, Opnu og Sögufélaginu.

Við sama tækifæri tilkynnti Bandalag þýðenda og túlka hvaða fimm verk væru tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna í ár. Eftirfarandi bækur voru tilnefndar: Allt er ást eftir Kristian Lundberg, þýðandi Þórdís Gísladóttir, Ariasman eftir Tapio Koivukari í þýðingu Sigurðar Karlssonar, Hjaltlandsljóð, tvímála útgáfa safns ljóða eftir samtímaskáld frá Hjaltlandseyjum, þýðandi Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Sá hlær best sagði þabbi eftir Gunillu Bergström í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur og Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur eftir Augusto Monterroso en þýðandi hennar er Kristín Guðrún Jónsdóttir.

Félag Íslenskra bókaútgefenda stendur að Íslensku bókmenntaverðlaununum sem verða veitt á Bessastöðum í lok janúar. Forseti Íslands veitir Íslensku þýðingarverðlaunin á alþjóðlegum degi UNESCO tileinkuðum bókum og höfundarrétti, þann 23. apríl.



**FIMMTÁN HÖFUNDAR** Tilnefningarnar voru tilkynntar við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur á laugardaginn.

**→ Í flokki fagurbókmennta**

- Eiríkur Örn Norðdahl - Illska
- Gyrðir Elíasson - Suðurglugginn
- Auður Ava Ólafsdóttir - Undantekningin
- Kristín Ómarsdóttir - Milla
- Sigurjón Magnússon - Endimörk heimsins

**→ Í flokki fræðirita og rita almenns efnis**

- Jón Ólafsson - Appelsínur frá Abkasíu. Vera Hertzsch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu
- Gunnar F. Guðmundsson - Pater Jón Sveinsson - Nonni
- Steinunn Kristjánsdóttir - Sagan af klaustrinu á Skriðu
- Gunnar Þór Bjarnason - Upp með fanann - Baráttan um uppkastið 1908 og sjálfstæðisbarátta Íslendinga
- Einar Már Jónsson - Örlagaborgin

**Gjafakort**  
Töfrandi stundir í jólapakkann  
Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is  
Borgarleikhúsið

**Veðurspá**

Gildistími korta er um hádegi

**RIGNING SA-LANDS** og slydda til fjalla, stöku él vestan til en annars úrkomulítið. Strekkingur eða allhvasst NA- og A-lands en hægari vindur annars staðar. Hiti allt að 5°C allra syðst.

Alicante 16°	Billund 3°	Gautaborg 2°	London 10°	Orlando 25°	San Francisco 15°
Basel 6°	Frankfurt 4°	Kaupmannahöfn 2°	Mallorca 16°	Oslo -9°	Stokkhólmur -8°
Berlín 1°	Friedrichshafen 3°	Las Palmas 21°	New York 14°	París 10°	

**Á morgun**  
Yfirleitt hæg S- eða SA-átt.

**Miðvikudagur**  
13-18 m/s SA-til, annars hægari vindur.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður

# NÝTT Á RÚMIÐ!

Opið alla daga til jóla

RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM

30-50% afsláttur af sængurverasettum !  
15% afsláttur af nýju jólasendingunni !

**AÐEINS**  
til 5. des.



**JOOP!**

Þegar mjúkt á að vera mjúkt getur þú treyst okkar vörumerkjum. Betra bak er einungis með sérválin sængurverasett, svo ekki sé talað um Aloe Vera bómullar-lökin sem slegið hafa í gegn.



*elegant*  
bed linen fashion



**bruno banani**  
NOTI FÖR EVERYBODY



**McGREGOR**  
ESTABLISHED NEW YORK 1921  
Úrval af baðsloppum  
- allar stærðir

**TempraKON**  
dúnsokkar



Fyrir kaldar tær!  
Ótrúlega vinsæl  
jólagjöf!  
Svartir dúnsokkar  
**Kr. 6.990,-**  
Hvítir dúnsokkar  
**Kr. 5.990,-**

**TempraKON®**

**Sængin sem breytir öllu !**



**140x200**  
**Jólatilboð kr. 37.900,-**

Dúnsæng með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

**Heilsuinniskór**



Aðeins  
3.900,-

**Vinsælasta**  
jólagjöfin í Betra Baki.  
Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.  
**Sendum frítt út á land**  
- betrabak.is

**Parið kr. 3.900,-**  
**2 pör kr. 6.980,-**  
**3 pör kr. 9.990,-**



Heilsuinniskór sem lagar sig að fætinum - einstök þægindi




[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

**Betra**  
**BAK**

Leggur grunn að góðum degi

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is)  
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477  
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-17  
Sunnudaga frá kl. 13-17

## LANDIÐ



## Herjólfur enn í slipp

**1 VESTMANNAEYJAR** Herjólfur mun ekki koma úr slipp fyrr en 10. desember að því er haft er eftir Ólafi William Hand, upplýsinga-fulltrúa Eimskips, á vef Eyjafréttu. Viðgerðin átti upphaflega að taka fimm til sex daga, en bakborðsstýri og -skrúfa skemmdust í óhappi við Landeyjahöfn. Baldur á að sinna ferðum milli lands og Eyja á meðan en tvær fyrstu ferðir hans féllu niður í gær vegna ölduhæðar og vinds í Landeyjahöfn.



## Íslandsmótið í rúllupylsugerð

**2 KRÓKSFIJARÐARNES** Hafdís Sturlaugsdóttir og Matthías Lýðsson í Húsavík á Ströndum unnu til fyrstu verðlauna í Rúllupylsukeppni Íslands sem haldin var í Króksfjarðarnesi á laugardag. Verðlaunin fengu þau fyrir léttreykta rúllupylsu. Rúllupylsur bárust í keppnina af Ströndum, úr Reykhólasveit, Dölum og af Suðurnesjum. Flestum kom fjölbreytt úrvinnsla virkilega á óvart og stefnt er að því að halda keppnina aftur að ári að því er fram kemur á heimasíðu Dalabyggðar, dalir.is. Hafdís og Matthías tóku einnig önnur verðlaun fyrir ávaxtafyllta rúllupylsu. Sérstaka viðurkenningu fékk síðan rúllupylsa frá Sverri Kristjánssyni og Heiðrúnu Sigurðardóttur í Reykjanesbæ.

## Sinubruni í Rangárbíngi

**3 RANGÁRÞING** Skömmu fyrir hádegi í gær kviknaði í sinu í landi Árbakka í Rangárbíngi ytra. Fjórir bílar frá slökkviliði Rangárvallasýslu fóru á staðinn og segir Guðni Kristinnsson, varðstjóri í slökkviliðinu, að greiðlega hafi gengið að slökkva eldinn. Sinubruninn var á afmörkuðu svæði og olli ekki tjóni, en töluverðan reyk lagði frá eldinum yfir nærliggjandi jarðir. Ekki liggur fyrir hver upptök eldsins voru.

**TENGI**

FÍNT FYRIR JÓLIN

Jólatilboð til 22.12


TEKA BLÖNDUNARTÆKI Á 20 % AFSLÆTTI

MORA Junior Handlaugartæki Tilboð kr. **5.900,-**ALMAR Spring Sturtuhaus 20 cm Tilboð kr. **7.900,-**MORA Verde Eldhústæki Tilboð kr. **6.900,-**ALMAR Emotion Sturtuhaus 10 cm Tilboð kr. **3.400,-**ALMAR Fonte Handsturtuhaus Tilboð kr. **930,-**ALMAR Onda Handsturtuhaus Tilboð kr. **1.990,-**ALMAR Skinny Handsturtuhaus Tilboð kr. **1.650,-**Sturtubarki 150 cm Tilboð kr. **1.500,-**

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 www.tengi.is  
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050 tengi@tengi.is

## → Útgjöld miðað við áætlun í milljörðum króna



## Minna eytt en áætlað var og tekjur hærri

Tekjujöfnuður ríkissjóðs er 19 milljörðum krónum betri en áætlað hafði verið það sem af er ári. Engu að síður eyddi ríkið 35 milljörðum krónum meira en það aflaði. Skatttekjur ríkisins voru 15 milljörðum krónum hærri en ráð var fyrir gert.

**EFNAHAGSMÁL** Ríkissjóður eyddi 35 milljörðum króna meira en hann aflaði á fyrstu tíu mánuðum ársins. Það er þó umtalsvert betri staða en reiknað hafði verið með, eða sem nemur 19,1 milljarði króna. Þetta kemur fram í mánaðarhlutauppgjöri A-hluta ríkissjóðs í október.

Betri staða skýrist að mestu leyti af því að innheimtar tekjur ríkissjóðs voru 5,1 milljarði króna umfram áætlun. Skattar og tryggingagjöld í heild námu 378,3 milljörðum, eða 14,7 milljörðum umfram áætlun. Munar þar mestu um skatta á tekjur og hagnað sem voru 13,9 milljörðum hærri en reiknað hafði verið með.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs voru alls 411,5 milljarðar króna á tímabilinu.

Gjöldin voru hins vegar 446,5 milljarðar króna, en það er sex milljörðum króna lægri upphæð en reiknað hafði verið með. Gjöld einstakra ráðuneyta voru í flestum tilvikum undir áætlunum.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var neikvætt um 37 milljarða króna til októberloka 2012. Það er 19,1 milljarði krónum betri útkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Á sama tímabili árið 2011 var handbært fé frá rekstri hins vegar neikvætt um 59,9 milljarða króna.

kolbeinn@frettabladid.is



**MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrstu tíu mánuði ársins eru þremur milljörðum króna undir áætlunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Yfir 70 smábátaeigendur hafa tilkynnt að þeir vilji á makrílveiðar í sumar:

## Tugir smábáta vilja á makríl

**SJÁVARÚTVEGUR** Landssambandi smábátæigenda (LS) hafa borist yfir 70 tilkynningar frá útgerðarmönnum smábáta um að þeir stefni á makrílveiðar í sumar komanda. Í sumar sem leið stunduðu 17 bátar makrílveiðar með handfærum og veiddu samtals 1.100 tonn.

Aðalfundur Landssamband smábátæigenda ályktaði í haust að makrílrottur fyrir smábáta yrði aukinn í 18% af heildarafla í makríl, eða yrði að lágmarki 20 þúsund tonn. Í kjölfarið var kallað eftir upplýsingum frá útgerðarmönnum um vilja til makrílveiða vegna viðræðna við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um veiðarnar 2013.

Makrílveiðar á handfæri hafa verið stundaðar í nokkur ár. Þeir bátar sem stunduðu þessar veiðar á síðastliðnu fiskveiðiári gerðu það með góðum árangri.

LS álitur úthlutun aflaheimilda í makríl, eins og hún hefur verið, engan veginn fullnægja þeirri þörf sem er fyrir þennan bátaflokk. Helstu rök fyrir auknum veiðiheimildum til smábáta í makríl eru að mikið LS að veiðarnar eru umhverfisvænar og skila hágæða hráefni. Þær eru einnig atvinnuskapandi og afla mikillar þekkingar um göngur makrils á grunnslóð.

-shá



**70** eigendur smábáta vilja veiða makríl næsta sumar.

**17** bátar stunduðu veiðarnar í sumar.

# SAMSTAÐA UM ÞJÓÐARHAGSMUNI

OPINN FUNDUR ÞRIÐJUDAGINN 4. DESEMBER KL. 17 – 18 Í NORÐURLJÓSSASAL HÖRPU

Stutt erindi    Stefanía Magnúsdóttir, fv. formaður Landssambands verslunarmanna  
Guðmundur Kristjánsson, útgerðarmaður, Brim hf.  
Hugrún Dögg Árnadóttir, framkvæmdastjóri KronKron  
Jóhann R. Benediktsson, framkvæmdastjóri HBT  
Jónína Bjartmarz, lögmaður og athafnakona

Fundarstjóri    Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunar

Til fundarins er boðið öllum þeim sem telja sig eiga samleið með okkur sem undirrituðum svohljóðandi yfirlýsingu á fundi þann 2. október 2012:

Mikilvægasta verkefni íslenskra stjórn mála er að tryggja sambærileg lífskjör og í grannlöndum. Við ungu fólki á Íslandi blasir hins vegar framtíð með lægri launum, dýrara lánsfé, minna athafnafrelsi og veikara velferðarkerfi. Þessari framtíðarsýn þarf að breyta.

Fyrirsjáanlegt er að Ísland muni búa við takmarkanir á viðskiptafrelsi um langa framtíð verði ekkert að gert.

Þær hugmyndir sem uppi eru um nýtt form gjaldeyrishafta sýna – svo að ekki verður um villst – að óbreytt staða er óhugsandi og endurskoðun samningsins um Evrópska efnahagsvæðið er óhjákvæmileg.

Stöðu Íslands á innri markaðnum verður að styrkja og jafna samkeppnisstöðu við nágrannalönd. Því er nauðsynlegt að ná breiðri samstöðu um þessi brýnustu markmið:

- *Agaða hagstjórn sem samræmi stefnuna í ríkisfjármálum og málefnum atvinnuveganna markmiðinu um fjármálastöðugleika og upptöku nothæfs gjaldmiðils.*
- *Traustan pólitískan stuðning við efnahagsmarkmiðin og aðildarviðræður við Evrópusambandið. Einungis þannig næst fram eins hagstæður samningur og mögulegt er, sem þjóðin tekur síðar afstöðu til.*
- *Nýja raunhæfa áætlun um aðildarviðræðurnar með hliðsjón af aðstæðum hér heima og í Evrópu, sem gefur rýmri tíma til að ná samsöðu sem tryggir hagsmuni þjóðarinnar.*
- *Sú breyting á stjórnarskránni taki gildi sem tryggir að þjóðin geti tekið þessar brýnu ákvarðanir um stöðu Íslands í Evrópu á næsta kjörtímabili.*

Ekki er rökrétt að veikja stöðu Íslands með því að loka á einstaka kosti meðan ekki er vitað að aðrir séu færir. Við skorum því á fólkið í landinu að taka höndum saman um öfgalaus viðhorf, að beita áhrifum sínum til að þrýsta á stjórn málaflökkana og treysta samstöðu um þjóðarhagsmuni, festu í alþjóðasamskiptum og eflingu hagstjórnar á Íslandi. Þannig verða samkeppnishæfni og ásættanleg lífskjör þjóðarinnar tryggð til framtíðar.

Andrés Magnússon framkvæmdastjóri, SVP - Andrés Pétursson skrifstofustjóri, Rannsóknþjónusta HÍ - Ari K. Jónsson rektor, HR - Árni Gunnarsson fv. alþm - Árni Oddur Þórðarson framkvæmdastjóri, Eyrir Invest - Baldur Þórhallsson prófessor, HÍ - Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri, Talnakönnun - Björn Sigurbjörnsson fv. ráðuneytisstjóri - Bolli Valgarðsson ráðgjafi, KOM - Einar Stefánsson læknir - Ellisif Tinna Víðisdóttir rekstrarstjóri, Thule - Erna Bryndís Halldórsdóttir löggiltur endurskoðandi, Hyrna - Finnbjörn A. Hermannsson formaður, Samiðn - Finnur Oddsson aðstoðarforstjóri, Nýherji - Friðrik Pálsson forstjóri, Hótel Rangá - G. Valdimar Valdimarsson kerfisfræðingur, Ferli - Gísli Hjálmtýsson framkvæmdastjóri, Thule - Grímur Sæmundsen forstjóri, Bláa lónið - Guðmundur Gunnarsson fv. formaður rafíðnarsambandsins - Gylfi Arnbjörnsson forseti, ASÍ - Gylfi Sigfússon forstjóri, Eimskip - Halldór Einarsson framkvæmdastjóri, Henson - Halldór Halldórsson formaður, Samband ísl. sveitarfélaga - Hanna Katrín Friðriksson framkvæmdastjóri, Icepharma - Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri, SA - Haraldur Flosi Tryggvason stjórnarformaður, OR - Helga Valfells framkvæmdastjóri, NSA - Helgi Magnússon framkvæmdastjóri, Eignarhaldsfélagið Harpa - Hilmar B. Janússon sviðsforseti, HÍ - Hilmar P. Valgarðsson framkvæmdastjóri, Eimskip - Hjörleifur Pálsson fjármálastjóri, Össur - Jóhann R. Benediktsson framkvæmdastjóri, HBT International - Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri, Íslandsstofa - Jón Ingvarsson lögfræðingur - Jón Kristjánsson fv. alþm - Jón Sigurðsson fv. form Framsóknarflokksins - Jón Sigurðsson forstjóri, Össur - Karl Steinar Guðnason fv. alþm - Kolbeinn Kolbeinsson framkvæmdastjóri, Ístak - Kolbrún Hrunn Víðisdóttir framkvæmdastjóri, Veisluturninn - Kristín Pétursdóttir forstjóri, Auður Capital - Kristján Þorsteinsson sérfræðingur, Marel - Kristrún Heimisdóttir lektor, HA - Loftur Arnason stjórnarformaður, Ístak - Lúðvík Bergvinsson fv. alþm - Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri, Borgarleikhúsið - Margrét Guðmundsdóttir forstjóri, Icepharma - Margrét Kristmannsdóttir framkvæmdastjóri, Pfaff - Margrét Frímansdóttir fv. alþm - Páll Rafnar Þorsteinsson ráðgjafi, KOM - Pétur J. Eiríksson stjórnarformaður, Harpa - Ragnheiður Kolsoe þróunarfræðingur - Rannveig Guðmundsdóttir fv. alþm - Sigsteinn Grétarsson aðstoðarforstjóri, Marel - Sigurður Harðarson framkvæmdastjóri, Centra - Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Já Ísland - Stefán Jón Hafstein sviðsstjóri, ÞSSÍ - Stefán Thors skipulagsstjóri, Skipulagsstofnun - Svana Helen Björnsdóttir formaður, SI - Thomas Möller stjórnarformaður, Rými - Valgerður Sverrisdóttir fv. utanríkisráðherra - Vésteinn Ólason fv. prófessor, HÍ - Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri, SA - Vilhjálmur Þorsteinsson fjárfestir, - Vilmundur Jósefsson formaður, SA - Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður - Þorkell Sigurlaugsson stjórnarformaður, FSÍ - Þorsteinn Pálsson fv. forsætisráðherra - Þórður Harðarson læknir - Þórður Magnússon stjórnarformaður, Eyrir Invest - Þórður Sverrisson forstjóri, Nýherji - Þórunn Sveinbjarnardóttir fv. umhverfisráðherra - Þráinn Þorvaldsson framkvæmdastjóri, SagaMedica - Þröstur Ólafsson fv. framkvæmdastjóri Sinfóniunnar - Örn Gústafsson forstjóri, Okkar líf.

(Undir yfirlýsinguna skrifaði fólk sem einstaklingar. Starfsheiti og vinnustaður eru aðeins til löggvunar)



1. Hverjir hafa boðið sig fram í formannskjör Samfylkingarinnar?
2. Hver fer með aðalhlutverkið í Makbeð sem Þjóðleikhúsið ætlar að setja á svið?
3. Við hvaða lið samdi Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson fyrir skómmu?

SVÖR

1. Arni Páll Árnason og Guðbjartur Hann-  
 -sson 2. Björn Thors 3. Vilkning í Stafangri

Fjölmennt mótæli urðu í Egyptalandi um helgina þar sem tekist er á um nýja stjórnarskrá:

## Hæstiréttur leggur niður störf vegna þrýstings

**EGYPTALAND** Hæstiréttur Egyptalands sendi í gær frá sér yfirlýsingu um að hann væri hættur störfum þangað til unnt yrði að úrskurða um mál án utanaðkomandi þrýstings.

Yfirlýsingin kom í kjölfar þess að stuðningsmenn Mohammeds Morsi forseta fjölmenntu við dómhúsið í Kaíró og hindruðu dómara í að komast inn í húsið til að dæma um lögmæti nefndar sem setti saman ný drög að stjórnarskrá sem samþykkt var í þinginu nýverið. Einnig átti rétturinn að

úrskurða hvort efri deild þingsins hefði verið rétt kjörin.

Í stjórnarskrádrögum er meðal annars kveðið á um að forsetinn hafi úrslitavald í öllum málum og að hæstiréttur hafi ekki vald til að stöðva framkvæmd tilagna hans.

Andstæðingar stjórnarskrádraganna hafa bent á að með þeim taki forsetinn sér nánast alræðisvald, en stuðningsmenn Morsis segja stjórnarskrárbreytingarnar rökrétt skref til þess að tryggja að sá árangur, sem náðist þegar

Hosni Mubarak var steypt af stóli, verði ekki að engu.

Þetta sé eina leiðin til að koma í veg fyrir að ekkert verði úr þeim breytingum á stjórnskipan landsins, sem unnið hefur verið að síðustu mánuði.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrána er fyrirhuguð hinn 15. desember.

- fsb

**MÓTMÆLI** Mikil ólga ríkir í Kaíró og stuðningsmenn og andstæðingar Morsi forseta mótmæla nær daglega.

NORDICPHOTOS/GETTY



# GEFÐU JÓLAGJÖF

ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ FALLEGT

Fyrir andvirði þessa gjafabréts á [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) fá efnalítilir foreldrar á Íslandi gjafakort í verslun með leikföng, bækur og fót og geta þeir valið barni sínu gjöf eftir þörfum þess og óskum.

[www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is)

 **Hjálparstarf  
kirkjunnar**



Á TEIKNIBORÐINU Leiguleiðin er nú ekki talin vænleg.

MYND/LSH

Ráðherrar leggja til að horfið verði frá leiguleið:

## Nýr Landspítali verði í ríkisframkvæmd

**FRAMKVÆMDIR** Lagt er til að bygging nýs Landspítala við Hringbraut verði hefðbundin opinber ríkisframkvæmd og horfið verði frá svokallaðri leiguleið sem fyrirhugað var að fara, að því er fram kemur í minnisblaði sem Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, og Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra lögðu fram á ríkisstjórnarfundum á föstudag.

Ráðherrarnir leggja til að undirbúið verði frumvarp um breytingar á lögum sem geri opinberu hlutafélagi um byggingu nýs Landspítala (NLSH ohf.) kleift að halda utan um og annast byggingu nýs Landspítala sem fjármagnaður yrði sem opinber framkvæmd að mestu eða öllu leyti. Frumvarpið yrði lagt fram í janúar.

Lagt er til að næstu mánuði muni fjármála- og efnahagsráðuneytið í samráði við NLSH ohf. og Landspítalann fara yfir framkvæmda- og fjárhagsáætlanir vegna verkefnisins. Athugað

→ Ráðherrarnir gera að tillögu sinni að nýr spítali verði fjármagnaður sem opinber framkvæmd að mestu eða öllu leyti.

verði hvort finna megi svigrúm í langtímaáætlun um ríkisfjármál á næstu árum með það að markmiði að farið verði í verkefnið eða stærstu verkþættina sem opinbera framkvæmd ríkisins. Við þá skoðun verði lögð áhersla á að halda jöfnuði í ríkisfjármálum auk þess sem tekið verði tillit til hagræðingar og hagrænna áhrifa framkvæmdanna.

Samkvæmt leiguleiðinni átti einkaaðili að byggja og reka húsnæðið og leigja það til ríkisins til langs tíma. Fram hafi komið veigamiklar efasemdir um hvort bygging spítalans uppfylli nauðsynleg frumskilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi þegar leiguleiðin er farin, að því er segir í minnisblaðinu.

- shá

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Komdu í heimsókn til okkar á aðventunni og gerðu góð kaup.

Fjöldi tækja á sérstöku jólaverði.

Sjón er sögu ríkari.



Gigaset  
Símtæki

Jólaverð:  
7.880 kr. stgr.

BOSCH  
Handþeytari

Jólaverð:  
5.200 kr. stgr.

Heimilistæki,  
ljós og símar  
í miklu úrvali.



BOSCH  
Skafttryksuga

Jólaverð:  
23.900 kr. stgr.




SIEMENS  
Þurrkari

Jólaverð:  
119.900 kr. stgr.



SIEMENS  
Þvottavél

Jólaverð:  
114.900 kr. stgr.



VENDELA  
Borðlampar

Jólaverð:  
8.900 kr. stgr.



Adler  
Eldhúsvogir

Jólaverð:  
2.300 kr. stgr.





**Electrolux**  
EWP-1474TDW Þvottavél  
Frábær heimilisvél frá Electrolux, hlaðin þægindum og nýrri tækni.

- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði
- ✓ Tekur allt að 7 kg. af tauti
- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- ✓ Framstillt ræsing möguleg 0-19 klst.
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ LED Tímaskjár
- ✓ A++/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- ✓ Sérstaklega notendavæn
- ✓ Fullt verð kr. 119.900

1400 SNÚNINGA  
XL 7 KG  
HRAÐVAL

KYNNINGARVERÐ KR. **97.900**  
SPARAÐU 22.000

KYNNINGARVERÐ KR. **97.900**  
SPARAÐU 22.000

**Electrolux**  
EDP-2074PDW Þurrkari  
Glænýr barkalaus barkalaus þurrkari með rakaskynjara og 14 mismunandi þurrkerfum.

- ✓ Tímaskjár og framstillt ræsing
- ✓ Sérkerfi m.a. fyrir viðkvæman fatnað og ull
- ✓ Krumpuvörn og niðurræling á tauti
- ✓ Mjög hljóðlátur
- ✓ Orkusparandi B - orkusparandi þurrkari
- ✓ Fullt verð kr 119.900

XL 7 KG  
BARKALAUS  
RAKASKYNJARI

**AEG**  
L-75470FL Þvottavél  
Ein besta AEG vélin okkar með kola- lausum hágæðamótör og A+++ orkunýtni og A þeytivindu. Tekur allt að 7 kíló og Protex Plus tromlu.

- ✓ Mörg ný sérkerfi þ.á.m. Ull Plus, silki, gallabuxur teppi og öflugt hraðkerfi ásamt sparnaðarkerfi
- ✓ Protex Plus tromla sem lágmarkar slit og verndar viðkvæman fantað
- ✓ Kolalaus gæðamótör - endingar- betri, minna slit og hljóðlátari
- ✓ A+++/A/A toppéinkunn
- ✓ XXL hurðarop - auðveld í notkun
- ✓ Stór skjár, snerittakkar og beinval
- ✓ Fullt verð kr 169.900

1400 SNÚNINGA  
XL 7 KG  
AAA EINKUNN

TOPPMÓDEL!  
KOLALAUS MÓTÖR  
lengri ending - hljóðlátari

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **144.900**  
SPARAÐU 25.000

**AEG**  
F-55035M0P ProClean uppþvottavél  
XXL að innan, óbreytt utanmál. Pláss fyrir allt að 34 cm háa diska, potta eða stóra hluti. Nýr byltngarkennur ProClean þvottaarmur.

- ✓ Nánast hljóðlaus, aðeins 45 desíbil
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi, sjálfvirk kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg 0-19 klst.
- ✓ Lúxus innrétting, aldrei verði betra að raða öllu samtímis í vélna
- ✓ A+/A/A toppéinkunn fyrir orkunýtni, þvotta- gæði og þurrkun
- ✓ Snerittakkar og LED tímaskjár
- ✓ Fullt verð kr. 164.900

KÁMFRÍTT STÁL

KYNNINGARVERÐ KR. **129.900**  
SPARAÐU 35.000

HLJÓDLÁT 45 dB  
AAA EINKUNN  
ÞVOTTA- ARMUR  
HRAÐVAL

**BOSCH**  
KGV-36VI30 Kæli- og frystiskápur  
Glæsilegur kæli- og frystiskápur í burstuðu stáli með A++ orkunýtni og flottri innréttingu

- ✓ 215 lítra kæli og 94 lítra frystir með Maxi Box
- ✓ Rafeindastýrð hitastýring með LED stjöruborði
- ✓ LED bjórt orkusparandi lýsing
- ✓ Glerhillur og flöskurekki
- ✓ HxBxD: 186 x 59,5 x 65 cm
- ✓ Fullt verð kr 159.900

186 CM HÁR  
LED LYSING  
A++ ORKA  
STÁL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **139.900**  
SPARAÐU 20.000

145 LITRAR  
A+ ORKA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **54.900**  
SPARAÐU 5.000

**exquisit**  
GT-151 Frystikista  
Sparneytin 145 lítra frystikista orkuflokki. Fullt verð kr 119.900

**SPARAÐU NÚNA**

**Electrolux**  
ESB-4400 Powermix Silence  
Byltngarkennur ofurhljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótör. Þrihyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Tilvalinn í heilsudrykkina og frosna ávexti. Verð áður kr. 19.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **15.990**  
SPARAÐU 4.000

Powermix SILENT  
The quietest blender ever by Electrolux

MALAR ÍS  
MEST SELDI!

**Electrolux**  
Pessi einstaka kaffivél var hönnuð í samstarfi við Lavazza. Nú getur þú orðið þinn eigin kaffibarbjónn og tótrað fram ljúffenga drykki á borð við caffè latte, cappuchino, macchiato og espresso

Fullt verð kr. 29.990

**LAVAZZA**  
KAFFIHYLKI  
MARGAR GERÐIR

LATTE Á 2 MÍN

KYNNINGARVERÐ KR. **24.990**  
SPARAÐU 5.000

**AEG**  
ASC-6910 Pokalaus ryksuga  
Pokalaus ryksuga - allt sem þarf er að tæma rykhólfid. Hindrunarlaust kraftmikill sogkraftur.

- ✓ 1800W mótör
- ✓ Gúmmíhljól - rispar ekki gólfinn
- ✓ Stillanlegt skaft og sogkraftur
- ✓ Fullt verð kr. 29.990

1800W MÓTÖR  
9 M VINNU- RÁDIUS

KYNNINGARVERÐ KR. **19.990**  
SPARAÐU 10.000

POKALAUS

**Electrolux**  
EOB-3301A0X Ofn  
Frábær blástursofn með eka heitum blæstri og XXL 74 lítra ofni, 27% stærri en hefðbundnir ofnar.

- ✓ Kjóthitamælir - steikin fullkomin!
- ✓ Létþrifanlegur glerjungur
- ✓ 9 eldunarkerfi
- ✓ Bursað kámfrítt stál
- ✓ Fullt verð kr. 119.900

EKTA HEITUR BLÁSTUR  
KJÓTHITAMÆLIR  
XXL 74 L

KYNNINGARVERÐ KR. **99.900**  
SPARAÐU 20.000

**Electrolux**  
DIK-2461 Spansuðuhelluborð  
Eldaðu á mettíma, sparaðu orku og upplifðu einstök þægindi spansuðu.

- ✓ Fáanlegt með stálkanti, glerkanti eða til niðurfræsingar
- ✓ Snerittakkar, barnalæsing
- ✓ Allar hellur með booster háhraða
- ✓ Stórar hellur þ.á.m. ein XXL
- ✓ Fullt verð kr. 159.900

SPANSUÐA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **119.900**  
SPARAÐU 40.000

**Rafha ehf.**  
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
Sími 5880500  
[www.rafha.is](http://www.rafha.is)

Opið alla daga til jóla  
virka daga 10-18  
laugardaga 11-17  
sunnudaga 13-17

Kynningarverð gildir t.o.m. 24. desember

MEINDL  
GÖNGUSKÓR  
GÆÐI Í GEGN  
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF.



ÚTILÍF

utilif.is

Fjárhagsáætlun var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs:

## Breið sátt um minni álögur

**SVEITARSTJÓRNIR** Fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2013 var samþykkt í bæjarstjórn í síðustu viku. Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Lista Kópavogsbúa og Framsóknarflokks segir aðhald í rekstri einkenna fjárhagsáætlunina en á sama tíma sé haldið uppi öfluglu þjónustustigi með hag barnafjölskyldna að leiðarljósi. Fulltrúar Samfylkingar og VG segja álögur á fjölskyldufólk í bænum hækka.

Meirihlutinn segir breytingar á þjónustugjöldum innan verðlagsbreytinga. „Áætlunin er breið sátt um að minnka álögur á fólk-



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

id í bænum og byggja upp samfélag þar sem byggt er á frumkvæði og elju-semi, hvetja til uppbyggingar og athafna, en ekki eingöngu boðið upp á niðurdrepandi og íþyngjandi álögur sem taka mátt frá einstaklingum og fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum,“ bókaði meirihlutinn.

Á framkvæmdaáætlun bæjarins á

næsta ári er meðal annars bygging leikskóla í Austurkór, sambyli fatlaðra í Austurkór, hjúkrunarheimilis í Boðabíngi og reiðskemmu á Kjóa-völlum.

„Sérstök gæluverkefni meirihlutans eru sett í forgang svo sem bygging stærstu reiðhalla á Íslandi, glæsibygging Skógræktarfélagssins í Guðmundarlundi, jólaþrengingar og árs hátíð fyrir starfsfólk bæjarins. Bæjarfulltrúar meirihlutans telja þau verkefni mikilvægari en að koma til móts við þá bæjarbúa sem höllustum fæti standa,“ segir í bókun Samfylkingar og VG. -gar

Norræna húsið 3. og 10. desember:

# August Strindberg



Dagskrá í tilefni af 100 ára ártíð skáldsins

3. desember 2012, kl. 20.00:

### Dauðadansinn

Leiklestur Vonarstrætisleikhússins

Leikarar: Arnar Jónsson, Anna Kristín Arngrímsdóttir og Jakob Þór Einarsson. Leikstjóri: Sveinn Einarsson.

10. desember 2012, kl. 20.00:

### „Minn eldur er sá stærsti“

Dagskrá með brotum úr verkum Strindbergs  
Flytjendur: Árni Pétur Guðjónsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Darri Ólafsson og Pálína Jónsdóttir. Umsjón: Eiríkur Guðmundsson og Halldór Hauksson.

Miðar seldir í móttöku Norræna hússins, s. 5517030, [www.norraenahusid.is](http://www.norraenahusid.is). Strindbergs-dagskrá Norræna hússins er styrkt af sænska sendiráðinu, IKEA og Norræna húsinu.

Norræna húsið Sturlugata 5 101 Reykjavík  
S. 5517030 [www.norraenahusid.is](http://www.norraenahusid.is)



**HART BARIST** Þetta var ekki í fyrsta sinn sem Sigmundur og Höskuldur takast á. Þeir vildu báðir verða formaður flokksins árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Höskuldur Pórhallsson sáttur við annað sætið:

## Sigmundur lagði Höskuld auðveldlega

**STJÓRN MÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, hafði auðveldan sigur í kosningu um efsta sætið á lista flokksins í Norðausturkjördæmi á tvöföldu kjördæmisþingi í Mývatnssveit á laugardag.

Sigmundur, sem er sitjandi þingmaður Reykvíkinga, hlaut tæp 63 prósent atkvæða í efsta sæti listans en þingmaðurinn Höskuldur Pórhallsson um 35 prósent. Þegar þetta varð ljóst ákvað Höskuldur að gefa kost á sér í annað sætið og hlaut þar örugga kosningu, eða um 67 prósent atkvæða. Sjó sóttust eftir öðru sætinu á listanum.

Höskuldur kveðst sáttur við niðurstöðuna. „Ég er bara mjög ánægður með þá kosningu sem ég fékk í fyrsta sætið. Þetta er töluvert meira en ég gerði mér væntingar um í ljósi þess að ég var að keppa við formann flokksins,“ sagði hann í samtali við Vísi í gær.

Kosningin í fyrsta sætið hafi verið mjög viðunandi. „En ég get ekki verið annað en mjög glaður með þá yfirburðakosningu sem ég fékk í annað sætið.“

### Sex efstu

1. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson alþingismaður, Reykjavík
2. Höskuldur Þór Pórhallsson alþingismaður, Akureyri
3. Líneik Anna Sævarsdóttir skólastjóri, Fáskrúðsfirði
4. Þórunn Egilsdóttir, oddviti, bóndi og verkefnisstjóri, Vopnafirði
5. Hjálmar Bogi Hafliðason kennari, Húsvík
6. Guðmundur Gíslason háskólaniemi, Fljótshádegir

Sigmundur Davíð var líka hæstánægður og kveðst ekki hafa áhyggjur af því að erfitt verði að vinna með Höskuldi eftir kosningararnar. „Þvert á móti. Ég hef rætt við Höskuld og það er allt í góðu á milli okkar. Við stóðum í þessari kosningabaráttu saman og það fer vel á með okkur,“ sagði Sigmundur Davíð við Vísi. -sh

## Gjöf á heimsmælikvarða

Hvað kemur þú mörgum stórborgum undir tréð í ár?

WOW gjafakortið er einstök jólagjöf og gildir sem flugmiði fram og til baka með möguleika á tengiflugi um allan heim.

Þú færð WOW gjafakortið á [wow.is](http://wow.is).

Verð frá

**22.900 kr.**

Flug fram og til baka ásamt sköttum og gjöldum



# ÓDÝRASTA MATAROLÍAN Í BÓNUS



295 kr.  
1 ltr.

**B**  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BÓÐI

Almenningur mun borga fyrir Íbúðalánasjóð:

## Við og við

Vanði Íbúðalánasjóðs er gríðarlega mikill. Ríkið hefur þurft að leggja sjóðnum til 46 milljarða króna á tveimur árum og viðbúið er að enn meiri peningum þarf að fórnna í hitina. Svartsýnustu raddir telja að skuldbindingar hans geti orðið allt að 200 milljörðum króna meiri en eignir hans. Til að setja þessa tölu í samhengi þá jafngildir hún því að hver einn og einasti íbúi landsins þurfi að greiða 625 þúsund krónur til að gera upp sjóðinn. Slíkt samhengi er mikilvægt vegna þess að það erum alltaf við, almenningur, sem munum greiða fyrir viðgerðina. Einu spurningunni sem er ósvarað er hvort við gerum það sem skattgreiðendur eða lífeyrisþegar.

En af hverju er þetta svona? Á hverra vakt varð þessi félagslegi banki að peningalegri kjarnorkusprengru? Ljóst er að margar ákaflega vondar ákvarðanir hafa verið teknar hjá Íbúðalánasjóði. Breytingin á húsbrefakerfinu árið 2004 var líkast til afdrifaríkust. Sá sem framkvæmdi hana var Árni Magnússon, þá félagsmálaráðherra. Með breytingunum urðu skuldir sjóðsins ekki lengur uppgreiðanlegar, þótt útlán hans væru það. Þegar íslensku einkabankarnir stormuðu inn á íbúðalánamarkaðinn skömmu síðar tók fullt af fólki lán hjá þeim og greiddi upp gömul lán hjá sjóðnum, alls 240 milljarða króna á árunum 2004 til 2006.

Þar sem Íbúðalánasjóður gat ekki notað þetta fé til að borga upp skuldir sínar, en þurfti að ávaxta það til að eiga fyrir vaxtakostnaði, þá fór sjóðurinn að gera tvennt. Annars vegar keypti hann greiðsluflæði tiltekinnna fasteignalána banka. Hins vegar fór hann að kaupa skuldabréf útgefin af íslensku bönkununum. Þar með var Íbúðalánasjóður í raun farinn að fjármagna að hluta íbúðalán einkabankanna. Sjóðurinn hefur þurft að innleysa tugmilljarða tap vegna þessara fjárfestinga.

Mikið hefur verið látið með þá ákvörðun sjóðsins að hækka láns hlutfall upp í 90 prósent árið 2004. Sú ákvörðun var út í hött en hún var ekki jafn afdrifarík og margir vilja vera láta. Það voru útlán einkabankanna, sem á svipuðum tíma fóru að gera sig gildandi á fasteignalánamarkaði, sem blésu í fasteignabóluna sem síðar sprakk í andlitinu á þjóðinni.

Jóhanna Sigurðardóttir, þá félagsmálaráðherra, ákvað síðan að rýmka útlánareglur sjóðsins árið 2008 með þeim hætti að hámarkslán voru hækkuð úr 18 í 20 milljónir. Samhliða var ekki lengur lánað fyrir 90 prósentum af brunabótamati heldur 80 prósentum af markaðsvirði. Þetta var galin aðgerð, sem jók þenslu fremur en að draga úr henni, líkt og lagt var upp með að gera.

Á vandanum bera því margir ábyrgð. Sérstök rannsóknarnefnd um starfsemi Íbúðalánasjóðs, sem á að vera löngu búin að skila niðurstöðum sínum, mun taka á þeirri fortíð. Meira knýjandi er þó að takast á við framtíðina. Ljóst er að Íbúðalánasjóður eins og hann er í dag á ekki slíka, enda neytendur búnir að hafna með öllu einu vörunni sem hann býður upp á, verðtryggðum lánnum. Það þarf því að finna honum annað hlutverk eða leggja hann niður. Samhliða þarf að ákveða hvaða hatt almenningur á að vera með á höfðinu þegar hann borgar reikninginn. Á hann að gera það strax í gegnum ríkissjóð, sem á Íbúðalánasjóð, eða fresta vandanum og gera það í gegnum lífeyrissjóðina okkar, sem eiga þorra skulda hans?

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Upphefjum virðinguna

„Forseti á að taka sig taki og reyna að upphefja virðingu þingsins...“ sagði Björn Valur Gíslason í viðtali við Stöð 2 fyrir sjö vikum. Honum fannst Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir ekki taka nógu fast á máli ríkisendurskoðanda, sem hafði í átta ár unnið að skýrslutetri um bókhaldskerfi ríkisins. Birni Val fannst þingið setja niður við þetta allt saman. Það er gott að hann skyldi hafa áhyggjur af þverrandi virðingu þingsins. Ekki er vanþörf á – traust til þess er í lágmarki.

#### Aukum traustið

„Brýn nauðsyn er á að umræðuhefð þingsins breytist og traust til þess um vönduð vinnubrögð aukist frá því sem nú er.“ Svo segir í frumvarpi um breytingu á þingskögum sem lagt var fram í september. Í ljósi þess sem segir hér að framan hljóta margir að geta tekið undir þetta. Einn þeirra er Lúðvík Geirsson, sem var á meðal flutningsmanna frumvarpsins.

#### Enga vitleysu

Birni Val Gíslasyni og Lúðvík Geirssyni er ann t um þingið og ásýnd þess. Það hafa þeir sýnt með orðum sínum og gjörðum. Hvorugur þeirra mundi nokkurn tímann láta hafa sig út í vitleysu eins og þá sem létuþugri galgopar tíðka stundum í þingsal. Þess vegna er bæði furðulegt og miður að þeim skuli ekki hafa gengið betur í prófkjörum en svo að þeir séu líklega báðir á leið af þingi.


stigur@frettabladid.is

Póður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Ný döggun – 25 ára sorgarvinna

#### SAMFÉLAGSMÁL



Halldór Reynisson  
formaður Nýrrar dögunar

Sú var tíðin hér á landi að fólki var kennt að bera harm sinn í hljóði. Svípleg, ótímabær dauðsföll voru ekki rædd, dauðinn var feimnismál. Stundum var eins og það fólk hefði aldrei verið til sem lést við erfiðar aðstæður. Nafn hins látna mátti jafnvel ekki nefna upphátt við nokkurn mann. Fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi fór þetta að breytast hér á landi. Það gerðist ekki af sjálfu sér frekar en aðrar breytingar á hugarfari heillar þjóðar.

Kanskí varð það tvennt fremur en annað sem breytti hugarfarinu. Annars vegar komu fram ný viðhorf meðal fagfólks. Það sem menntast hafði erlendis, ekki síst í Vesturheimi kom til baka með ný viðhorf til þess hvernig vinna skyldi úr áföllum og sorg. Heilbrigðisstétir, sjúkrahúsprestar, sálfræðingar svo að nokkrir faghópar séu nefndir, fengu nýja innsýn í það hvernig styðja skyldi fólk eftir erfiðustu áföll lífsins, t.d. barnsmíssi, sjálfsvíg, eða að missa maka í blóma lífsins. Hins vegar, og ekki síður var það hreyfing syrgjenda sjálfrá sem breytti hugarfarinu. Einstaklingar sem höfðu orðið fyrir sárum missi fóru að hittast í hópum og styðja hver annan í gegnum bataferli að styðja aðra í sömu sporum.

Þessi þróun holdgerðist svo í samtökum

→ Einstaklingar sem höfðu orðið fyrir sárum missi fóru að hittast í hópum og styðja hver annan í gegnum áföllin. Sá þá síðan sem spor á sínum bataferli að styðja aðra í sömu sporum.

fagfólks og syrgjenda til að vinna með sorg og áföll. Þau samtök fengu síðar nafnið Ný döggun en að auki voru stofnuð félög víða um land í kjölfarið með sama markmiði að leiðarljósi. Núna 8. desember verður þess einmitt minnst með veglegri dagskrá að Ný döggun er 25 ára. Þau samtök standa að fræðslu um hinar ýmsu hliðar sorgar og sorgarúrvinnslu og bjóða enn fremur upp á stuðningshópa fyrir syrgjendur sjálfa.

Og verkefnið tekur aldrei enda því „mennirnir elska, missa, gráta og sakna“ eins og Jóhanna Sigurjónsson skáld orðaði harminn. Og sorgin er hvunnagsleg – öll verðum við fyrir áföllum, misþungum þó. Því verður þörfin fyrir stuðning og samliðan með öðrum ávallt fyrir hendi, þörfin að styðja fólk eftir erfið áföll og sorg. Það gerir samtök eins og Nýja döggun og önnur hliðstæð nauðsynleg.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

LEKI  
**GÖNGUSTAFIR**  
**9.990 KR.**  
TRAUSTIR OG VANDADIR.

**ÚTILÍF**

utilif.is

# Það eru barnréttindi

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Það var nú ekki töluð vitleysan í vörninni í fótboltaíði bekkjarans hennar Hansínu í Vogaskóla. Þarna stóðum við Snorri og Alli, Sigurgeir og Steinn Bjarki með hendurnar í vösunum og áttum í hrókasamræðum um landsins gagn og nauðsynjar, á meðan þeir Nonni og Biggi, Haddi og Kalli Dúi og hinir hlupu um lafmóðir frammi í sókninni, enda allt afburðamenn í boltanum og vel að þeirri vegsemd komnir að fá að vera í sókn. Svona var getuskiptingin: þeir góðu voru í sókn en í vörninni fór fram dagskráin „Spekingar spjalla“. Það eina sem gat skyggt á þessar andríku og ánægjulegu samverustundir þarna uppi við markið var þá sjaldan að einhver úr hinum bekknum álpaðist til að ná boltanum og kom æðandi með hann í áttina til okkar fullur af ískyggilegum áformum. Þá vildi okkur yfirleitt til happs að einhver af sóknarstrákunum úr okkar liði fylgdi til baka og náði að hreinsa út af enda ríkti skilningur á því að ekki væri vert að ómaka okkur, svonefnda varnarmenn, á því að fara að eltast við snaróðan boltadreng. Við vorum bara hafðir þarna. Við vorum til að fylla upp í töluna, formsins vegna. Við vorum nokkurs konar Lávardadeild.

Við vissum að við nytum lítills álits sem knattspyrnumenn og hafi einhverjum okkar sárnað það mat vorum við ekkert að bera slík sárindi á torg. Sjálfur naut ég þeirrar gæfu að eiga foreldra sem höfðu ekki nokkurn áhuga á fótbolta eða öðrum íþróttum og myndu aldrei í lífinu hafa mætt á fótboltaleik, hefði farið svo ólíklega að ég hefði valist til að taka þátt í slíku. Ég held að almennt höfum við þarna í Lávardadeildinni vitað að við hefðum kannski eitthvað annað til brunns að bera. Það var allt í lagi að vera góður í smíði en lélegur í fótbolta, góður að teikna, spila á hljóðfæri, segja brandara eða jafnvel ekkert sérstaklega góður í neinu. Það var enginn fullorðinn sem kom og sagði við okkur að ef við færum ekki að æfa okkur til

að komast í sóknina myndum við verða eiturlyfjum að bráð. Það var allt í lagi að vera lélegur í íþróttum. Eigum við ekki að reyna að hafa það þannig?

## Niðurlægð börn

Getuskipting? Já já. Hún fór þarna fram á náttúrulegan og eðlilegan hátt á einhvers konar jafningagrunni, við fundum út úr þessu sjálfir og enginn fullorðinn sem skipti sér af því. Það var því raunalegt að heyra Vöndu Sigurgeirsdóttur lýsa því í morgunútvarpi Rásar tvö í síðustu viku hvernig sífjöld getuskipting í íþróttastarfi lítilla barna nú á dögum verður til þess að þau upplifi sára niðurlægingu, höfnun og sorg. Vanda veit hvað hún syngur, hefur um árabíl unnið við þjálfun og er lektor við HÍ í íþróttáfræðum og foreldrum og skólafólki ber að leggja við hlustir þegar hún viðrar slíkar áhyggjur.

Vanda vill ekki banna alla getuskiptingu en hún vill bíða með hana þar til börnin hafa náð þroska til að takast á við hana. Á henni er að heyra að þessi getuskipting byrji alltof snemma, og börnin haldi að öllu varði fyrir þau að komast í A-liðið – annars séu þau búin að tapa. Hún segir að engin börn hafi gott af þessu, hvorki þau sem sett eru í lakari liðin né hin sem veljast í betri flokkana, fá þar með athyglina, hrósið og vörpunina meðan hin lakari fá væntanlega svona „þúert-nú-svo-mikil-rúsína“-klapp á kollinn og svo höfnunina.

## Íþróttir og áfengi

Á undanförunum árum hefur verið unnið mikið þrekvirkir hér á landi í forvarnarstarfi gegn unglingsdrykkju og dópneyslu. Þetta hefur verið samstillt átak foreldra og skóla, fagfólks og félagsamtaka, þar á meðal íþróttafélaga. Þetta er lofsvert og segir sína sögu um breytta og betri þjóð – þrátt fyrir allt. Upp á síðkastið hefur þess hins vegar orðið vart að íþróttafélögin reyni að þakka sér þennan árangur umfram aðra, og vilji fá umbun fyrir það umfram lottóáskriftina. Nú þegar rætt er um fjárlög (og rætt og rætt og rætt og rætt) bregður svo við að vart líður sá fréttatími að í íþróttahorninu í lokin, innan um fótboltamörkin og blakkeppni á Norðfirði, komi ekki ábúðarfullur íþróttáfrömuður til

“Sjálfur naut ég þeirrar gæfu að eiga foreldra sem höfðu ekki nokkurn áhuga á fótbolta eða öðrum íþróttum og myndu aldrei í lífinu hafa mætt á fótboltaleik, hefði farið svo ólíklega að ég hefði valist til að taka þátt í slíku.

að segja okkur frá forvarnargildi íþróttanna sem nú sé ógnað með ónógum framlögum til ÍSÍ.

Íþróttir og áfengi fara ekki saman, og það er sjálfsgagt alveg rétt þegar kemur að iðkun þeirra: það er til dæmis áreiðanlega frekar erfitt að vera mjög fullur í 400 metra hindrunarhlaupi eða fullur að spila fótbolta, þó að þess muni að vísu vera dæmi að því er sögur herma, og ekki síður úr handboltanum þar sem þeir hressustu voru með bokku innan um handklæðin í íþróttatöskunni. Íþróttir og áfengi eiga hins vegar þrýðilega samleið þegar kemur að því að fylgjast með þeim og í sjálfu sér ekkert að því, fari það ekki úr böndunum; það er góð skemmtun að sitja í góðum hópi, drekka bjór og horfa á fótbolta. En það er alveg óþarfi að láta eins og það sé eitthvað hollt.

Börn eiga að fá að leika sér. Það eru barnréttindi. Og til að íþróttir séu þeim hollar þurfa þær að vera leikur og félagskapur. Krakkar í Brennó eða í Yfir eru kannski að keppa upp að vissu marki en þau vita alveg að þau eru misstór og misfljót og samveran í leikum hefur gildi í sjálfu sér. Þannig ætti boltinn og fimleikarnir líka að vera, fyrir fjöldann, þó að sjálfsgagt sé að rækta líka sérstaka hæfileika.

Forvarnargildi íþróttanna skal ekki lastað og er eflaust töluvert, gæti slagað upp í hljóðfæranám. En langsamlega mikilvægast er að börn horfi ekki upp á drukkið fólk í kringum sig, og sérstaklega ekki foreldra sína. Vilji þingmenn hins vegar sýna í verki að þeir kunni að meta það góða forvarnarstarf sem unnið hefur verið með börnum og unglingum þessa lands væri sennilega vitið mest að hækka laun kennara.

## Jólatilboð á www.eirvik.is



## JÓLAGJAFIRNAR fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR  
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD - BLANDARAR

CRISTEL

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)



**ID INVESTIGATION DISCOVERY**

Eina sjónvarpsstöðin í heiminum sem helguð er sönnum sakamállum

ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

## AF NETINU

### Þjóðremba yfirstéttar

Í gamla daga var þjóðin alin af innlendi yfirstétt á Danahatri, bara til að magna hag yfirstéttarinnar, embættismanna og kaupmanna.

Nú er þjóðin alin á Evrópuhatri og enn er hér yfirstéttin að verki. Nú eru það kvótagreifar og atvinnurekendur, sem hamast á útlandinu til að efla hag sinn og forréttindi. Íslensk þjóðremba er ræktað illgresi. Hræðir þjóðina með evrópski Grylu.

Með regluverki Evrópu, sem í mörgum tilvikum verndar almenning langt umfram íslenskan geðþótta. Leiðin til að verja forréttindin er að telja fólk trú um, að séríslenskur geðþótti forréttinda sé betri en evrópska regluverkið.

[www.jonas.is](http://www.jonas.is)

Jónas Kristjánsson

**KPMG**

cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDEGI

## Skattalagabreytingar

6. desember | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Alexander G. Eðvardsson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs KPMG, mun fara yfir nýframkomin frumvörp til breytinga á lögum og þegar gerðar lagabreytingar á árinu.

Þátttaka er án endurgjalds og veitir einingar hjá FLE.

Skráning og frekari upplýsingar á [kpmg.is](http://kpmg.is)

S A F T

KOMDU FRAM VIÐ AÐRA  
Á NETINU EINS OG ÞÚ VILT LÁTA  
KOMA FRAM VIÐ ÞIG

[www.saft.is](http://www.saft.is)

# KRÓNAN

## Ódýrt í matinn!



# 1280

Grillaður kjúklingur og Pepsi eða Pepsi Max, 2 lítrar

kr. tvennan



fæst á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

## Þjóðvangar Íslands

Ísland er einstakt land bæði jarðfræðilega og líffræðilega. Íslendingar hafa friðlýst mörg markverð náttúrusvæði sem þjóðgarða, friðlönd eða náttúruvætti. Einnig eru ýmis önnur verndarsvæði í umsjón ríkisins, s.s. skógræktarsvæði, landgræðslusvæði og fornminjasvæði. Þjóðlendur eru undir stjórn ríkisins og fyrst á hálendi landsins.

Mörg þessara svæða eru vinsælir ferðamannastaðir en fjöldi ferðamanna á Íslandi eykst nú stöðugt. Á þeim blasa við sömu óleystu viðfangsefni í mismiklum mæli þó. Mikill skortur er á innviðum, s.s. gestastofum, upplýsingaskiltum, góðum og vel lögðum göngustígum, og á þeim er veik landvarsla og lítil náttúrutúlkun. Fæst svæðanna hafa haldbærar verndar-, stjórnunar- eða skipulagsáætlanir. Engin samræmd stjórn er á þessum svæðum heldur er þeim stýrt af sjö ólíkum stofnunum sem eru undir þrem ráðuneytum. Þetta eru Umhverfisstofnun, Landgræðslan og Skógræktin undir umhverfissráðuneyti, fornminjasvæði heyrir undir menntamálaráðuneyti og Þingvallabjóðgarður og þjóðlendur falla undir forsætisráðuneyti.

Auk átroðslu ferðamanna á einstökum svæðum er helsta ógn íslenskra náttúruverndarsvæða ásókn í að virkja til orkuöflunar bæði vatnsföll og jarðhitasvæði. Rannsóknnum og framkvæmdum á því sviði orkumála er stýrt af öflugum stofnunum sem starfa á



Sigrún Helgadóttir  
fræðiritahöfundur

landsvísu og hafa nægt fjármagn. Sundrung þeirra sem eiga að gæta verndar náttúrunnar verður til þess að mótrök á því sviði eru veik og jafnvel misvísandi.

Margir Íslendingar horfa til framtíðarstarfa í ferðaþjónustu. Ef fer sem horfir er hins vegar hættu á að illa fari. Við er þéttleiki ferðamanna all of mikill en á öðrum svæðum, sem eru ekki síður athyglisverð, sést ekki fólk. Mikilvægt er að skipuleggja móttöku ferðamanna, og nauðsynlegar ráðstafanir til náttúruverndar á landinu, á heildrænan hátt. Það er illmögulegt þegar vinsælustu ferðamannastaðirnir eru undir ólíkum stjórnnum og stofnunum.

Núverandi ríkisstjórn hefur á stefnuskrá sinni að sameina friðlýst svæði undir einni stjórn. Þær hugmyndir ganga ekki nógu langt en engu að síður mun vera ágreiningur innan stjórnarflokkanna að framfylgja þeirri stefnu.

### Tillögur

Brýnt er að samræma stjórn verndarsvæða á Íslandi. Setja þarf undir eina stofnun störf og hlutverk sem heyrir saman en dreifast nú á margar stofnanir og ólík ráðuneyti. Meginhlutverk slíkrar stofnunar á að vera að standa vörð um þau gæði landsins sem hafa vísindalegt eða fagurfræðilegt gildi og veita fólki nauðsynlega útivist, upplifun og hughrif.

Undir nýja stofnun, sem hefði útibú í öllum landsfjórðungum, ættu að fara friðlýst svæði; þjóðgarðar, náttúruvætti, friðlönd

→ Auk átroðslu ferðamanna á einstökum svæðum er helsta ógn íslenskra náttúruverndarsvæða ásókn í að virkja til orkuöflunar bæði vatnsföll og jarðhitasvæði. Rannsóknnum og framkvæmdum á því sviði orkumála er stýrt af öflugum stofnunum sem starfa á landsvísu og hafa nægt fjármagn.

og valinn hluti fólkvanga, þjóðskóga (Ásbyrgi, Þórsmörk), landgræðslusvæða (Dimmuborgir, Húsafell), þjóðlendna (fyrst og fremst á hálendinu) og einnig minjavernduð svæði (Núpsstaður). Á svæðunum væri lögð áhersla á að vernda náttúru, menningarminjar og landslag. Í flestum tilvikum væri líka gert ráð fyrir móttöku ferðamanna og þjónustu við þá. Hafin væri gjaldtaka af ferðamönnum, t.d. þegar þeir færu af landi brott, og rynnir gjaldið óskipt til stofnunarinnar.

Hjá slíkri stofnun starfaði fagfólk sem hefði sérhæft sig í stýringu auðlinda og landnýtingu og gjörþekkti ólíka stýringu á landi/náttúru eftir því hvort markmiðið væri að friða svæði vegna merkrar náttúru eða vernda það vegna fornleifa, sögu, skóga o.fl. Einnig ynni þar fólk sem kynni til verka við móttöku ferðamanna og þjónustu við þá og að nota ýmiss konar miðlun sem stjórnþæki verndunar. Horft yrði heildstætt á landið og unnar verndaráætlanir þar sem tekið yrði mið af þekkingu á ýmsum fræðasviðum.

www.kia.is

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

Þér er boðið að reynsluaka nýjum Kia cee'd Sportswagon

cee'd

Kaupauki: Vetrardekk

**KIA**  
The Power to Surprise

Við kynnum nýjan Kia cee'd Sportswagon - stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km í blönduðum akstri.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl. Við tökum vel á móti þér.

Verð frá **3.590.777 kr.** Kia cee'd Sportswagon dísil  
Aðeins **30.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*

\*M.v. 50% útborgun eða uppþökubíll að sambærilegu verðmæti. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06 %.

f þú finnur „Kia Motors Island“ á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# NÝ KYNSLÓÐ ÞVOTTAVÉLA OG ÞURRKARA FRÁ **AEG** SEM MARKA ÞÁTTASKIL

Allar nýju þvottavélarnar frá **AEG** skarta hinni nýju og byltingarkenndu **Protex**-tromlu sem tryggir mun betri meðferð og endingu á þvottinum en áður og nýja **OptiSense**-hugbúnaðarkerfið skilar betri orkunýtingu en nokkru sinni fyrr.



**Traust 6 kg. þvottavél með stafrænum skjá, fáanleg bæði 1200 sn/mín og 1400 sn/mín. Einföld og þægileg í notkun og allri umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

- Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu
  - Afgangsraki: 52% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.)
  - Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Öryggiskerfi gegn leka
  - Barnalæsing • Sjálfvirk öryggisslökkvun
  - Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: B / Orkuflokkur: A++
- Íslensk notendahandbók.



**Öflug 7 kg. þvottavél með stafrænum skjá, fáanleg bæði 1400 sn/mín og 1600 sn/mín. Kolalaus mótör. Einföld og þægileg í notkun og allri umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

- Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu
  - Afgangsraki: 43% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.)
  - Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Öryggiskerfi gegn leka
  - Barnalæsing/Barnaöryggi • Sjálfvirk öryggisslökkvun • Kolalaus mótör, hljóðlátari og endingarbetri • Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++
- Íslensk notendahandbók.



**Kröftug 8 kg. þvottavél með stafrænum skjá, vindur allt að 1600 sn/mín. Tvö gufukerfi. Kolalaus mótör. Einföld og þægileg í allri notkun og umgengni. Íslenskt stjórnborð.**

- Ný Protex–tromla, 66 lítrar, sem fer betur með þvottinn • OptiSense– gáfnaljósið ákveður þvottatíma, vatnsmagn og orku miðað við hleðslu
  - Afgangsraki: 43% • Stórt lúguop • Öll hugsanleg þvottakerfi, sparkerfi, hraðkerfi (20 mín.)
  - Tímaval, hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann • Tvö gufukerfi: Friskun, fjarlægir ólykt • Krumpuvörn, auðveldar straujun
  - Öryggiskerfi gegn leka • Sjálfvirk öryggisslökkvun
  - Barnalæsing/Barnaöryggi • Kolalaus mótör, hljóðlátari og endingarbetri • Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++
- Íslensk notendahandbók.



## NÝJU ÞURRKARARNIR

Íslenskt stjórnborð • Stafrænn skjár • Barkalausir með rakaskynjara • Taka allt að 8 kg. af þvotti • Nýtt og byltingarkennt þurrkerfi í **ProTex**-tromlunni tryggir fullkomið loftflæði og minna slit á þvotti og dregur úr krumpum • Fjöldi þurrkerfa • Krumpuvörn • Hægt að velja lengd kerfis, frá 10 mín. upp í 2 klst. • Sjálfvirk öryggisslökkvun og margt, margt fleira. Íslensk notendahandbók.

## AÐ ÞVO MEÐ **AEG**

Þegar þú þværð með AEG máttu búast við framþróaðri tækni og flottri hönnun. AEG þvottavélar eru hannaðar til að skara fram úr á öllum sviðum. Þær eru einstaklega sparneytnar, fjölhæfar, áreiðanlegar og auk þess glæsilegar útlits.

## STÚTFULLAR AF NÝRRI TÆKNI

AEG þvottavélarnar fá allt að A+++ einkunn fyrir orkusparnað og vatnsnotkun, þökk sé m.a. nýja Advanced Fuzzy Logic-kerfinu og svo gerir Silent System Plus-tæknin þær alveg einstaklega hljóðlátar.

## ALLIR GETA FUNDIÐ SÍNA DRAUMAVÉL

Það hafa ekki allir sömu þarfir þegar kemur að þvotti og þvottavélum. AEG þvottavélar fást í mismunandi stærðum og gerðum, t.d. taka þær frá 3.5–9 kg. af þvotti í eina vél og vinduhráðinn er allt frá 400–1600 sn./mín.

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800  
SJÁ NÁNAR Á: [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

Verslanir og umboðsmenn um land allt

## MERKISATBURÐIR

- 1818** Illinois verður 21. fylki Bandaríkjanna.
- 1825** Tasmanía verður sjálfstæð nýlenda Breta.
- 1857** Í Kollsvík við Patreksfjörð farast kona og tvö börn er hvírfilbylur skellur á bæjarhúsum og brýtur þau.
- 1917** Goðafoss strandar við Straumnes norðan við Ísafjarðardjúp.



- 1967** Hópur lækna undir stjórn Christians Barnard framkvæmir fyrstu hjartaígræðsluna.
- 1970** Verslunarmiðstöðin Glæsibær er tekin í notkun í Reykjavík. Meðal annars er þar stærsta matvöruverslun landsins á þessum tíma, verslun Silla og Valda.
- 1973** Pioneer 10 sendir fyrstu nærmyndirnar af Júpíter til jarðar.
- 1990** Miðneshreppur fær kaupstaðarréttindi og nefnist þá Sandgerðisbær.

- 1992** Tvær sprengjur springa í miðborg Manchester og 65 særast.
- 2005** Lestarslys verður við Kárahnjúkavirkjun þegar tvær farþegalestar skella saman með þeim afleiðingum að tveir verkamenn slasast.



**LEIKSTJÓRINN** Strindberg var líklega mesta skáld Norðurlanda, næst á eftir Ibsen, að minnsta kosti á leiksviðinu," segir Sveinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Petta er kappleikur hjóna

Dauðadansinn eftir August Strindberg verður leiklesinn í Norræna húsinu í kvöld.

„Dauðadansinn er meðal allra frægustu verka Strindbergs og eitt þeirra sem tilheyrir heimsbókmenntunum. Það er gríðarlegt drama og telst í hópi raunsæisleikja skáldsins, eins og Faðirinn og Fröken Júlía. Þetta er kappleikur hjóna sem eru ansi beisk hvort út í annað og svo kemur frændi hennar sem leysir úr læðingi alls konar tilfinningar og hvatir.“ Þannig lýsir Sveinn Einarsson verkinu sem hann stjórnar flutningi á í aðalsal Norræna hússins í kvöld. Þrjú leikarar, Arnar Jónsson, Anna Kristín Arngrímsdóttir og Jakob Þór Einarsson fara með hlutverkin þrjú, sterkt lið eins og Sveinn bendir á. „Þetta er magnþrungio verk,“ segir hann með áherslu. „Við erum með þýðingu Helga Hálfánarsonar sem hann gerði fyrir leikfélagið á sínum tíma og við breyt-

um ekki einu orði þó við ætlum að túlka það þannig að það komi við nútímann.“ Hundrað ár eru frá andláti August Strindbergs og hans hefur verið minnst víða um heim. Leiklesturinn í Norræna húsinu er framlag Vonnarstrætisleikhússins sem Sveinn og Vigdís Finnbogadóttir standa fyrir. Sveinn tekur fram að hann sé í samvinnu við Norræna húsið og sænska sendiráðið og IKEA styrki framtakið. Viku síðar, eða mánudaginn 10. desember verður dagskrá með brotum úr verkum Strindbergs flutt á sama stað, í aðalsal Norræna hússins. Flytjendur eru margir en Eiríkur Guðmundsson og Halldór Hauksson standa að þeim viðburði. „Þar er verið að færa Strindberg svoltið til dagsins í dag, skilst mér,“ segir Sveinn.

gun@frettabladid.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



**GRJÓTHARÐUR TITILL** Fullkomin ljóðabók er fyrsta bók Braga Páls Sigurðarsonar en ljóðin í henni eru frá síðustu fjórum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Bannaði sjálfum sér að yrkja fleiri pólitísk ljóð

Fullkomin ljóðabók: ljóð eða eitthvað (til hamingju!) nefnist nýútkomin ljóðabók sem Útúr gefur út. Höfundurinn er Bragi Páll Sigurðarson, 28 ára ritlistarnemi.

Það þýðir ekkert að mæta með eitthvað lint í partíð, þetta verður að vera grjóthart,“ segir Bragi Páll Sigurðarson spurður hvort nafnið á nýju ljóðabókinni, Fullkomin ljóðabók, sé ekki dálítið stór yfirlýsing. „Þeir sem hafa lesið þetta segja þetta vera mikinn metal og er ekki allt fullkomið á einhvern hátt? Þannig að þessi bók, eins og hún er, er þá líklega fullkomin.“

Bókin skiptist í tvo kafla, sá fyrri spannar árin 2008 til 2010 og byggir á BA-verkefni sem Bragi Páll vann undir leiðsögn Sigurðar Pálssonar ljóðskálds, en sá seinni samanstendur af ljóðum frá árum 2011 og 2012. Hvers vegna þessi skipting? „Hugmyndin var reyndar sú að gefa fyrrihlutann út árið 2010 en svo tekur lífið af manni ráðin. Undir lok vinnunnar við BA-verkefnið greindist ég með geðhvarfasýki, fór upp í mikla manú og í kjölfarið í mikið þunglyndi, þannig að það var ansi mikill óróleiki í lífi mínu. Fyrri hlutinn ber þess merki að ég er að fara í manú og er síðan settur á geðlyf undir lokin á honum. Hann er mjög háfleygur og sjálfmiðaður um miðbikið en verður síðan mjög dópaður í lokin, mun meira abstrakt og ópersónulegrri en minn texti er yfir-

### Pá

Hér og hér og hér vorum við.

Parna og þarna og þarna, kossar

Í nára, maga, brjósthóli, haus; eftirsjá, sársauki, ástarsorg, sekt.

Draumur um draum frá martröð til raunveruleika.

Stöðugir nötrandi blossar óheftra minninga;

það sem var átti að verða aldrei varð.

Tveir svanir sigla við lygna tjörn. Annar hvítur, hinn lýgur.

leitt. Lyfin hafa áhrif á framheilann þar sem persónuleikinn á sér stað og virka þannig að þú verður nánast að engu. Eg hafði ljóðin í tímaröð einmitt til þess að sýna þetta ferli. Seinni hlutann hins vegar skrifaði ég eftir að hafa lent í djúpri ástarsorg, farið í áfengis- og fíkniefnameðferð og í framhaldi af því í mikla sjálfsskoðun. Það er allt annar tónn í honum fyrir utan það að mínar persónulegu skoð-

anir og heimssýn breyttust mjög mikið á ritunartíma hans. Eg hætti að skrifa pólitíska texta eins og eru í fyrri hlutanum og einbeitti mér alfarið að einhvers konar sjálfslísi.“

Fyrri hlutinn ber þess skýr merki að vera skrifaður um og eftir efnahagshrunið, eru efnahagsmál ljóðræn? „Það getur allt verið ljóðræn. Ljóðin í fyrri hlutanum standa vel sem minnismerki um tímann sem þau eru skrifuð á, en ef ég væri enn þann dag í dag að sturlast yfir útrásarvíkingum þá væri ég bara einn af sorglega fólkinu í kommentakerfi DV. Eg hef síðan þróað út úr þessum pólitíska hugsunarhætti yfir í mikla tómhyggju og bókstaflega bannað sjálfum mér að yrkja pólitísk ljóð. Seinni hlutinn ber þess merki.“

Hvernig tilfinning er að vera útgefið ljóðskáld? „Það er alveg bærilegt, sko, en ekkert mikið meira en það. Mér finnst ég samt vera að leggja eitthvað smá inn í þá umræðu að ljóðið hafi eitt hvert gildi og þar af leiðandi finnst mér ég vera búinn að réttlæta það að ég hafi fæðst á þessari jörð og sé eitthvað að spangóla. En þetta hefur ekkert breytt mér. Það er bara ákveðin losun að koma þessu frá sér.“

fridrikab@frettabladid.is

### PETTA GERÐIST 3. DESEMBER 1999

## Nasa týnir Marsfari í annað sinn

Á þessum degi fyrir þrettán árum misstu vísindamenn bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA samband við könnunarfar sem var á leið til rauðu reikistjörnunnar Mars. Sambandsmissirinn olli miklum vonbrigðum, ekki síst þar sem þetta var annað Marsfarið sem NASA missti á skömmum tíma en fyrra geimfarið brann fyrir mistök upp í gufuhvolfi stjörnunnar. Að þessu sinni virtist hins vegar allt ætla að ganga að óskum þar til sambandið við farið rofnaði um það bil sem það stefndi inn í gufuhvolf reikistjörnunnar. Hjá NASA missti fólk þó ekki móðinn og byrjaði þegar að undirbúa næstu Marsferð en líklegt var talið að geimfarið hefði lent á óheppilegum stað eða skemmst í landingunni. Marsfarið kostaði 12 milljarða íslenskra króna.





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ELDVARNIR Í LAGI

Nú eru aðventuljós í hverjum glugga. Það getur kviknað í aðventuljósi og því er rétt að nota ekki gömul ljós. Best er að slökkva ljósin á nóttunni. Hafið ávallt handhæg slökkvitæki við höndina. Gleði jólaanna er fljót að hverfa verði eldur laus.

GEZE

## Rafdrifnir gluggaopnarar



GEZE EOL N

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. www.jarngler.is

## VERKSTÆÐI JÓLASVEINSINS

**ÍSLENSK LEIKFÖNG** Vinnustofa Pálma Einarssonar minnir þessa dagana helst á verkstæði jólasveinsins en hann hannar og framleiðir leikföng. Synir hans tveir sjá um þróunarmálin og prufukeyra leikföngin.

Þetta eru módel-leikföng sem á að leika sér með en ekki setja upp í hillu. Það fannst mér alltaf svo leiðinlegt við plastmódelin í gamla daga sem maður setti saman, gamanið var svo stutt,“ segir Pálmi Einarsson iðnhönnuður sem hannar og framleiðir leikföng sem eigandinn setur saman sjálfur.

„Formin eru útskorin og það eina sem þarf er trélim. Svo geta krakkarnir málað leikföngin, til dæmis með trélitum, tússlitum eða akrýlmálingu og geta í raun málað þau aftur og aftur. Um leið og búið er að mála í nýjum litum er þetta aftur orðið nýtt dót.“

Synir Pálma, þeir Róbert Björn sex ára og Brynjar Örn fjögurra ára, eru „þróunardeild“ fyrirtækisins eins og Pálmi kallar það en þeir prófa öll leikföngin og finna út úr því hvað betur má fara.

„Stundum sitja þeir með mér við tölvuna og koma með hugmyndir. Svo förum við upp í Kjós, í bústaðinn okkar þar, yfir helgi og setjum módelin saman. Svo mála þeir leikföngin og leika sér með þau og eftir nokkra daga kemur í ljós hvað þarf að laga, hvar þarf að þykkja eða stytta eða breyta. Þetta er nákvæmlega eins og þegar ég stýrði þróunardeildinni hjá Össuri, bara á aðeins minni skala,“ segir Pálmi.

Hann segir að leikföng sem krakkarnir taka þátt í að búa til öðlist annan sess í huga þeirra en tilbúin leikföng úr skínandi plasti. Með því að setja saman og mála tengist þau leikföngunum tilfinningaböndum.

„Ég vil meina að þessum leikföngum fylgi gæðastundir því það skiptir krakkana líka svo miklu máli að foreldrarnir setjist niður með þeim og hjálpi þeim að setja saman. Strákarnir mínir fara með þessi leikföng með sér upp í rúm á kvöldin og þykir miklu vænna um þau en önnur leikföng.“

Öllum leikföngunum fylgja einfaldar leiðbeiningar og einnig er hægt að fá varahluti ef eitthvað brotnar segir Pálmi. Nú þegar eru tíu mismunandi



**ÞRÓUNARDEILDIN AÐ STÖRFUM** Þeir Róbert Björn og Brynjar Örn prófa allt sem pabbi þeirra hannar og þannig er fundið út hverju þarf að breyta í hönnuninni. MYND/ÚR EINKASAFNI

**HÖNNUÐURINN** Pálmi Einarsson iðnhönnuður togar í sprellikar í líki jólasveins en auk leikfanganna framleiðir hann jólavörur. MYND/GVA

leikföng í framleiðslu auk gjafavara og jólaföndurs en Pálmi stofnaði fyrirtækið, Geislar hönnunarhús, í vor.

„Við erum með fleiri vörur á teikni-borðinu og setjum upp vefverslun í desember en seljum þetta annars einungis hér í Bolholti 4.“ Vefsíða Pálma er www.geislar.is. ■ rat

## HLEÐSLUTÆKI

### SNILLDARJÓLAGJÖF



12V 4A

12V 0,8A

15%  
Jólafláttur af  
þessum frábæru  
hleðslutækjum

SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



2x90x200 cm  
með okkar bestu  
IQ heilsudýnu  
Verð aðeins kr.  
**349.900**

12 mán.  
vaxtalausr  
greiðslur\*

## GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

## Hafðu það gott um jólin!

Þú færð jólagjöfina hjá okkur  
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

\*3,5% lántökugjald

20%  
afsláttur

Jólagjöfin í ár

Hágæða sængurverasett  
og sloppar - Mikis úrval

Svefn & heilsa

★★★★★


Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**FLÉTTAÐIR ULLARKOLLAR**  
Veidihnútar og bastkölfur innblástur  
■ ÍRSK HÖNNUN  
Írski textilhönnuðurinn Claire-Anne O'Brien hefur hannað hús-gagnalínu úr breskri ull. Línan nefnist Olann og samanstendur aðallega af stólum, bekkjum og kollum. Ullin er fléttuð og hnýtt og fyrirmyndin veidihnútar og fléttaðar bastkölfur.  
Húsgögnin eru ekki fyllt með pólyester og svampi eins og algengt er heldur kókoshnetu-trefjum, ull og fjöðrum.  
Pastellitir eru nokkuð áberandi hjá hönnuðinum en einnig karrýgult og appelsínugult.



# ÖRUGGUR STAÐUR TIL AÐ VERA Á

**GOTT SKJÓL** Alls kyns öryggisskýli eru víða nauðsynleg til verndar gegn vá af hvers kyns tagi. Sprengjur, stormur og innbrotshjófar geta ógnað öryggi fólks og gott að hafa stað til að flýja á þegar hættur steðja að.

**B**yrgi af alls kyns stærðum og gerðum hafa verið smíðuð í gegnum tíðina fyrir fólk til að forða sér í undan hættum af ýmsu tagi.

## SPRENGJUSKÝLI (E. BOMB SHELTER)

Sprengjuskýli eru hvers konar byrgi sem vernda fólk fyrir áhrifum sprengja. Mismunandi tegundir af skýlum vernda gegn mismunandi árásum og styrk sprengja. Til dæmis eru loftvarnarbyrgi (e. air-raid shelter) hönnuð til að vernda fólk gegn sprengjum sem varpað er úr flugvélum á stóru svæði. Þessi byrgi voru algeng í seinni heimsstyrjöldinni.

Sérstök skýli eru til sem vernda fólk fyrir geislavirkni (e. fallout shelter). Þau eru með sérstaklega þykka veggir sem eru gerðir úr efni sem ætlað er til að hindra geislavirkni frá ofanfalli sem verður eftir að kjarnorkusprengja fellur. Mörg þannig skýli voru byggð á tímum kalda stríðsins til að vernda borgara.

Enn önnur gerð af sprengjuskýlum (e. blast shelter) verndar gegn hefðbundnari sprengjum. Megintilgangur þeirra er að veita vörn fyrir höggbylgjum og þrýstingi. Þessi skýli eru bæði ætluð til verndar almennum borgurum og notuð í hernaði.

## STORMSKÝLI (E. STORM SHELTER)

Stormskýli eða stormkjallari er neðanjarðarbyrgi sem er hannað til að vernda fólk frá óveðri, sérstaklega hvírfilbylgjum. Stormkjallararnir eru algengir í miðríkjum Bandaríkjanna og suðausturluta landsins þar sem hvírfilbylgjur eru tíðir.

Skýlin eru neðanjarðar og byggð úr steypu, múrsteinum og sérstaklega styrkt með járni til verndar. Stormskýlin eru yfirleitt ekki tengd íbúðarhúsum vegna þess að það er ekki talið öruggt. Dæmigert stormskýli fyrir eina fjölskyldu er byggt það nálægt heimili hennar að auðvelt er að komast þangað í neyðartilvikum en ekki svo nálægt húsinu að húsið eða brak úr því geti fallið ofan á hurð skýlisins þannig að fólkið lokist þar inni. Af sömu ástæðu eru hurðir skýlanna yfirleitt hafðar í hallandi stöðu frekar en alveg láréttar.



Þá er auðveldara að opna þær þótt brot eða brak sé ofan á þeim.

## ÖRYGGISKEFLI (E. PANIC ROOM)

Öryggiskeflar eru sérstök rammgirt herbergi á heimilum eða í fyrirtækjum sem eru ætluð til að veita skjól eða vera felustaður fyrir íbúana þegar innbrot, hvírfilbylur eða önnur ógn steðjar að. Slíkir öryggiskeflar eru yfirleitt búnir einhvers konar samskiptatækjum svo hægt sé að vera í sambandi við lögregluvörð.

Einföldustu öryggiskeflarnir eru nokkurs konar skápar með sérstaklega útbúnum lásnum og hurðum sem eiga að þola barsmíðar og fleira. Í sumum húsum eru göng eða einhvers konar útgangur úr öryggiskeflanum á þaki hússins.

Dýrari tegund öryggiskefla, sem eru byggðir í húsum frágrá kvikmyndastjarna og ríkisbubba, hafa sérstaklega styrkta veggir og hurðir. Oft er stál og skothelt gler notað í þá klefa. Sumir þeirra hafa sérstakt loftræstikerfi og símatengi.

Í kvikmyndinni Panic Room frá árinu 2002 með Jodie Foster í aðalhlutverki flýr aðalpersóna myndarinnar og dóttir hennar í öryggiskefla hússins þegar þjófar brjótast inn á heimilið og verður það þeim til bjargar.

**KALT STRÍÐ** Skýli frá sjöunda áratugnum sem ætlað var til verndar gegn kjarnorkusprengingu. Þess konar skýli voru vel útbúin og ætluð til að íbúar gætu verið þar í töluverðan tíma.  
NORDIC PHOTO/GETTY



**ATHVARF** Neðanjarðar sprengjuskýli í Lettlandi frá tímum kalda stríðsins.

**HÖRFÐU Á ÞÁTTINN 7. DES**  
SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2  
HÉR FÆRÐU RAUÐU NEFIN: Hagkaup, Bónus, MP banki, Te og Kaffi, Domino's.  
www.unicef.is  
Þessi auglýsing er kostuð af: VALITOR mpbanki




## Undirbúðu jólin snemma

Við erum komin í jólaskap og gefum öllum jóladúk eða jólalöber í kaupauka.

Ef verslað er fyrir 9.990 eða meira fylgir jólalöber að andvirði 4.990 kr

Ef verslað er fyrir 19.990 eða meira fylgir jóladúk eða andvirði 10.990 kr

\*Kaupauki er Jólakvæði dúkur eða jólakvæði löber gildir meðan birgðir endast vikuna 1.-5. desember

**Lin**  
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboji Hilmarrson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulfrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir  
sölufulfrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

**FASTEIGNASALAN BÆR**  
www.fasteignasalan.is

**Logafold 53** **51 m.**  
Opið hús miðvikudag 05.12. kl. 17:00-17:30

**Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá**

- Einbýli 172,2 fm + 40,1 fm bílskúr
- 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi
- Sólfallur og óhindrað útsýni
- Teiknað af Kjartani Sveinssyni
- Eignin er á einni hæð
- SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

## Einstök íbúði í 101

Fasteignasalan Þingholt og Gylfi Þórisson kynna einstaka íbúð að Hverfisgötu 52 í Reykjavík. Eignin er samtals 223,7 fm og sérstaklega skemmtileg. Hún er búin þremur svefnherbergjum og mjög stóru alrými.

Húsið var byggt um 1930 af Jens Eyjólfssyni byggingarmeistarar fyrir Timburverslun Árna Jónssonar sem var með verslun á fyrstu hæð og trésmíðaverkstæði og lager á efri hæðum. Húsið var byggt á súlum og bitum og er búið sérstaklega þykkum gólfplötum til að þola þungar trésmíðavélar. Í kringum 1955 hóf KRON starfsemi í húsinu. Þegar núverandi eigandi keypti aðra hæðina um 2002 hafði Atson leðuriðja verið með starfsemi þar um nokkurt skeið. Áður hafði þriðju hæð og risi verið breytt í íbúðir.



Íbúðin hefur sjaldséð yfirbragð.

Húsið hefur staðist tímans tönn og er glæsilegt í alla staði, enda mjög vel byggt á sínum tíma. Skipt var um þak fyrir nokkrum árum.

Að sögn þeirra sem til þekkja þá er í húsinu elsta lyfta Reykjavíkur sem er í notkun. Lyftan er öll endurgerð að upprunalegri fyrirmynd og með nýjum lyftuvörum. Í

Íbúðinni er mikil lofthæð og er olúbórið plankaparket á henni allri. Gluggarnir eru sérstaklega hljóðeinangraðir.

Baðherbergið er stórt með frístandandi baðkari og gólfhita. Eldhúsið er í alrými með stórra gaseldavél. Stofurnar eru þrjár og skapa stórt alrými sem gefur íbúð-

inni alveg sértakt yfirbragð sem sjaldan sést í íbúðum í Reykjavík.

Hjónaherbergið er með fataherbergi. Gengið er tvær tröppur upp á pall þar sem hjónarúmi er ætlað að vera. Tvö rúmgóð svefnherbergi til viðbótar eru í íbúðinni. Í sameign á fyrstu hæð hæð er þvottahús og geymslurými.

**FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA**

**820 8081**

Sylvía G. Walthersdóttir  
sylvia@remax.is

**RE/MAX Alpha**

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

**Grensásvegur 12 - 108 Reykjavík**

1567 m2 atvinnuhúsnæði við Grensásveg 12 í Reykjavík. Húsnæðið er rúmlega fókelt þ.e. búið er að rífa að mestu allt innan úr húsnæðinu. Húsnæðið er selt í því ástandi sem það er í dag. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 99,5 m.

**Laus strax**

**Skípholt 21 - 105 Reykjavík**

339,3 m2 verslunar- og lagerhúsnæði við Skípholt 21 í Reykjavík. Góð staðsetning með miklu auglýsingagildi á horni Skípholts og Nóatúns. Húsnæðið er í dag 104,7 m2 verslun og úr henni er opið inn í 234,6 m2 lagerhúsnæði. V. 37,9 m.

**Laus strax**

**Leifsgata 15 - 101 Reykjavík**

Þjört og vel skipulögð 49,5 m2, 2-3ja herbergja risibúð við Leifsgötu 15 í Reykjavík. Góð lofthæð og stórir gluggar gera íbúðina bjarta og skemmtilega. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 18,5 m.

**Laus strax**

**Bugðutangi - 270 Mosfellsbær**

Tvílyft 201,6 m2 raðhús með innbyggðum bílskúr við Bugðutanga 36 í Mosfellsbæ. Á efri hæðinni eru forstofa, tvö svefnherbergi, stór stofa, eldhús, baðherbergi og búr. Í kjallara er sjónvarpshol, tvö herbergi, geymsla, þvottahús, snyrting og bílskúr. Áhvílandi lán ca. 34,5 m. V. 36,5 m.

**Laus strax**

**Vesturvallagata 6 - 101 Reykjavík**

Góð 52,8 m2, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð við Vesturvallagötu 6 (gengið inn frá Sólvalldagötu) í Reykjavík. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. Íbúðinni fylgir bílastæði á sameiginlegri lóð. V. 19,9 m.

**Laus strax**

**Barmahlíð 8 - 105 Reykjavík**

143,5 m2 íbúð sem er búið að skipta upp í tvær íbúðir við Barmahlíð 8 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 31,5 m.

**Laus strax**

**Ársalir 1 - 201 Kópavogur**

Mjög glæsileg 100 m2 3ja herbergja íbúð á 9. hæð í vönduðu lyftuhúsi við Ársali 1 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofuhol, tvö rúmgóð svefnherbergi, góða stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús ásamt geymslu. Mikil útsýni er úr íbúðinni til suðurs og austurs. V. 29,5 m.

**Laus strax**

**Baldursgata 30 - 101 Reykjavík**

88,1 m2, 4ra herbergja íbúð á 3. hæð við Baldursgötu 30 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Gengið er inn í sameign bakhúsmegin frá Freyjugötu. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú herbergi. V. 24,7 m.

**Laus strax**

**Þórðarsveigur 15 - 113 Reykjavík**

Falleg og björt 91,7 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt bílastæði í bílakjallara við Þórðarsveig 15 í Reykjavík. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, stofu, eldhús og borðstofu. Íbúðinni fylgir 8,1 m2 sérgeymsla. Eignin er laus til afhendingar strax. 23,5 m.

**Laus strax**

**Jörðfagrund 5 - 116 Kjalanes**

200,9 m2 einbýlishús í byggingu á einni hæð við Jörðfagrund 5 á Kjalanesi. Húsið er staðsteypt og hraunað að utan og er u.þ.b. tilbúið til innréttinga. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 24,5 m.

**Laus strax**

